



Draslið sem til fellur „Það er mjög gott að fólkið komi með skotterturnar til okkar. Fólk hefur verið duglegt við það og það er allt fullt af tertum og drasli eftir áramótin komið til okkar. Þetta er alltaf svona eftir áramót,“ segir Þorsteinn Óskar Þorsteinsson, vaktstjóri í Sorpu í Jafnaseli, en hann stóð vaktina í gær þegar ljósmyndari Fréttablaðsins kíkti við. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tveir fimmtu eru yfir hjá lögreglunni

Fá tækifæri til að hækka laun lögreglumanna nema með stöðuhækkun, segir lögreglustjóri. Yfirmenn eru flestir hjá ríkislögreglustjóra.

STJÓRNSÝSLA „Í núverandi launumhverfi lögreglunnar er erfitt að umbuna lögreglumönnum fyrir vel unnin störf nema með stöðuhækkunum,“ segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á

höfuðborgarsvæðinu. Tæplega 41 prósent lögreglumanna á landinu gegnir yfirmannsstöðu sé tekið meðaltal starfsmanna hjá öllum níu lögregluumdæmum landsins, auk ríkislögreglustjóra.

Megn óánægja hefur verið með launakjör innan lögreglunnar, en í haust var kjarasamningur lögreglu samþykktur með miklum naumindum. Færri greiddu atkvæði með samningi en á móti, en vegna auðra

atkvæða og ógildra var ekki meirihluti fyrir því að fella samninginn.

Í gögnum frá embætti ríkislögreglustjóra má sjá að hlutfall óbreyttra lögreglumanna er langminnst hjá ríkislögreglustjóra, eða

31 prósent, 26 af 84 starfsmönnum. Í Vestmannaeyjum, sem er minnsta lögregluumdæmið, með tíu starfsmenn, eru 60 prósent yfirmenn og fjórir almennir lögreglumenn.

– snæ / sjá síðu 4

Bárðarbunga þenst áfram út

NÁTTÚRA Umbrotahrina gæti verið hafin í Bárðarbungu. Sérfræðingar eru sammála um að kvikusöfnun sé hafin en greinir á um hversu langt er í næstu umbrot.

„Bárðarbungukerfið er órólegt. Það kemur ekki á óvart, sé lítið yfir sögu þess,“ segir Ari Trausti Guðmundsson, jarðfræðingur og höfundur fjölda bóka um eldvirkni á Íslandi, um jarðskjálftavirknina þar að undanfögnu. Skjálftum yfir þremur stigum að stærð hefur fjölgað og tveir slíkir voru skráðir á nýliðnum jólum.

Frá því 10. júlí síðastliðinn hafa borist gögn frá nýjum GPS-mæli Vedurstofu Íslands sem staðsettur er vestan megin í eldfjallinu um mikla útþenslu fjallsins sem aftur bendir til innstremmis kviku í kerfið.

– shá / sjá síðu 10

Fréttablaðið í dag



SKOÐUN Róbert R. Spanó veltir vöngum yfir dómkerfinu. **12-16**

SPORT Anton Sveinn McKee ætlar sér stóra hluti í Rió. **18**

MENNING Breytt rekstrarumhverfi Kvikmyndaskólans. **26-28**

LÍFIÐ Jóhannes Haukur Jóhannesson heldur í febrúar til Kanada að leika í nýrri bandarískri kvikmynd sem leynd hvílir yfir. **34**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • LÍFIÐ

*Samkvæmt prentmiðlökönnun Gallup apríl-júní 2015

NÝTT ÁR NÝTT TÆKIFÆRI

Komdu í ókeypis 60 mínútna kynningartíma í kvöld eða á morgun í Ármúla 11 á 3. hæð. Við kennum þér að nýta hæfileika þína. Nýttu tækifærið!

// Unga fólkið í kvöld:

10-15 ára / 4. janúar kl. 19
16-25 ára / 4. janúar kl. 20

// Fullorðnir á morgun:

25 ára og eldri / 5. janúar kl. 20



Skráðu þig í síma 555 7080 eða á www.dale.is

Veður



Ákveðin austanátt í dag, hvassast sunnan til á landinu, en hægari annað kvöld. Dálítill el, einkum austan til, en skýjað með köflum og yfirleitt þurrt vestan til. Hægt kólnandi veður. **SJÁ SÍÐU 24**



Sett hefur verið upp 325 metra girðing meðfram teinunum á lestarstöðinni við Kastrupflugvöll. MYND/EPÁ

Eftirlit eftt á landamærum Danmerkur og Svíþjóðar

DANMÖRK Hert landamæraeftirlit hófst í gær við Eyrarsundsbrúna milli Svíþjóðar og Danmerkur.

Gert er ráð fyrir að aukið eftirlit komi til með að hafa mikil áhrif á atvinnulíf á svæðinu.


Nú þurfa allir lestarfarþegar á leið frá Danmörku til Svíþjóðar yfir Eyrarsundsbrúna að fara frá borði á lestarstöðinni við Kastrupflugvöll og sýna skilríki. Búið er að setja upp 325 metra langa girðingu meðfram lestarteinunum.

Aðgerðirnar koma í kjölfar ákvörðunar sænska þingsins um hert landamæraeftirlit vegna stríðsstraums flóttamanna sem staðið hafi allt síðasta ár.

Ferðin milli Málmeyjar í Svíþjóð og Kaupmannahafnar í Danmörku hefur tekið um hálf tíma með lestinni en búist er við að hún lengist nú um allt að 40 mínútur. Átta til níu þúsund manns taka lestina daglega. – glp, us

8-9

Þúsund manns ferðast vinnu sinnar vegna daglega með lestinni yfir Eyrarsundsbrúna á milli Svíþjóðar og Danmerkur.



Hefst 12. janúar

BAKLEIKFIMI & SAMBALEIKFIMI

UNDIR LEIÐSÖGN SJÚKRAÞJÁLFA
Í HEILSUBORG, FAXAFENI 14

Þriðju- og fimmtudaga
kl. 12.05, 16.20 og 17.20

Upplýsingar og skráning á
www.bakleikfimi.is

BREIÐU BÖKIN

Bruna niður brekkuna



Nýfallinn snjór og logn freistaði fjölda barna í Seljahverfinu í Breiðholti í gær. Börn og foreldrar komu saman í sleðabrekkunni efst í hverfinu og nutu dagsins við að bruna niður á snjópotum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Erlendur ferðamaður fannst látinn á Snæfellsnesi

SLYS Erlendur ferðamaður sem björgunarsveitir leituðu að á Snæfellsnesi í gær fannst látinn.

Umfangsmikil leit björgunarsveita hófst um miðjan dag í gær, en lík mannsins fannst svo á sjöunda tímanum. Bílaleigubíll ferðamannsins fannst við Löngufförur í gær en honum átti að skila í gær. Allar björgunarsveitir á Vesturlandi, auk sporhunda og stjórnstöðvarbíla af höfuðborgarsvæðinu, voru kallaðar út um miðjan dag í gær til að leita að manningum.

Þá átti ferðamaðurinn bókað flug úr landi sem hann hafði ekki skilað sér í, að því er fram kemur í tilkynningu frá lögreglunni. Þá segir að ekkert bendi til þess að andlátíð hafi borið að með saknæmum hætti. – ngy

Björgunarsveitamenn undir miklu álagi

Hér fær ferðafólk ókeypis björgun. Viða erlendis þekkist að tryggingu þurfi til að komast á ákveðin svæði. Sjálfbodaliðar finna fyrir auknu álagi. Upplýsingafulltrúi Landsbjargar segir sveitirnar þurfa að fá slaka í öðrum þáttum starfsins.

BJÖRGUN Ferðamenn eru ekki skyldugir til að kaupa ferðatryggingu á ferðalagi um Ísland. Björgun er alltaf ókeypis, hvort sem um björgunarsveitir eða Landhelgisgæsluna er að ræða.

Sigurjón Andrésson, markaðsstjóri Sjóvárs, segir að viða erlendis sé gerð krafa um ferðatryggingu sem nái yfir allan kostnað ef til björgunar kemur og meginreglan sé að fólk tryggi sig í sínu heimalandi.

„Þetta á við um skipulagðar ferðir eins og í þjóðgarða, á fjöllum og jafnvel á golfvelli,“ segir Sigurjón.

Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, segir umræðuna um tryggingar koma reglulega upp. Hún segir til dæmi um að björgunarsveitir sækir ferðatryggingar erlendra ferðamanna en það sé flókið ferli og ekki gott fyrir sjálfbodaliða að standa í slíku. Hún segir hugmyndina um svæði sem séu aðeins opin gegn tryggingu ekki galna en það sé ekki Landsbjargar að setja mörkin.

„Við höfum ekki umboð eða vald til að gera slíkt. Opinberir aðilar þurfa að ákveða allt slíkt.“

Ólöf viðurkennir að björgunarsveitirnar finni mjög fyrir auknum ferðamannastraumi, bæði erlendum og innlendum. Fjöldi sjálfbodaliða er þó ekki meiri og því hafi álag á sjálfbodaliða aukist mikið.

„Það er alls staðar aðhald í þjóðfélaginu þannig að við höfum verið að taka að okkur stærri verkefni,“ segir hún.

Landsbjörg hefur leitað ýmissa leiða til að mæta auknu álagi. Til



Fjáröflun björgunarsveitanna tekur mikinn tíma af sjálfbodaliðum og með stærri verkefnum sveitanna hefur álag á þá aukist mjög. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það var gerð könnun á vinnustundum sjálfbodaliða. Þar kom í ljós að fyrir hverja klukkustund í útkalli eru tólf vinnustundir hvers sjálfbodaliða, sem fara í fjáröflun, þjálfun, viðhald á tækjum og svo framvegis. Það eru mörg verkin þarna að baki.

Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar



dæmis eftt forvarnir og brugðist fyrir við hættu í samstarfi við Vega-gerðina, lögreglu og ferðaþjónustu.

Ólöf segir björgunarsveitirnar ekki geta sinnt stærri verkefnum endalaust án þess að fá slaka annars staðar á móti. Hún segir til dæmis mikinn tíma sjálfbodaliða fara í fjáröflun. „Það var gerð könnun á vinnustundum sjálfbodaliða. Þar kom í ljós að fyrir hverja klukkustund í útkalli eru tólf vinnustundir hvers sjálfbodaliða, sem fara í fjáröflun, þjálfun, viðhald á tækjum og svo framvegis. Það eru mörg verkin þarna að baki.“ erlabjorg@frettabladid.is

ÚTSALA
& ÖNNUR
GÓÐ TILBOÐ

ÚTSALA
& ÖNNUR
GÓÐ TILBOÐ

ÚTSALA
& ÖNNUR
GÓÐ TILBOÐ

ÚTSALA
& ÖNNUR
GÓÐ TILBOÐ

45%
AFSLÁTTUR

KRONBORG
OF DENMARK

FIBER SÆNGUR
Lítilsháttar útlitsgallaðar sængur á frábæru verði! Stærðir: 140 x 200 sm., 140 x 220 sm., 150 x 200 sm., 150 x 210 sm. Allar stærðir á sama verði! Vnr. 910520

50%
AFSLÁTTUR

ANDADÚNSÆNG

NÚ VERÐ FRÁ:

9.990

LÍTILSHÁTTAR ÚTLITSGALLAÐAR SÆNGUR

FULLT VERÐ: 2.995

1.495

PLUS
ÞEGINDI
& GÆÐI

HERM
EPMI

60°

KRONBORG SAGTINDEN ANDADÚNSÆNG
Gæðasæng fyllt með andadúni og smáfiðri. Bómullaráklæði og snúrukantur. Þyngd: 900 gr. Má þvo við 60°C. Stærðir: 135 x 200 sm. **17.990** nú **9.990** 135 x 220 sm. **19.990** nú **10.995**
Vnr. 4028850

**ÚTSALAN ER BYRJUÐ Í RÚMFATALAGERNUM!
SPARAÐU ALLT AÐ 75%**

FÆTUR OG BOTN FYLGJA

SPARIÐ 40.000

NÚ VERÐ FRÁ:

39.950

SleepWell

SLEEPWELL DÝNA
Miðlungsstíff dýna með 250 pokagormum pr. m2. Innifalin í verði er 4 sm. þykk yfirdýna. Stærðir: 90 x 200 sm. **79.950** nú **39.950** 120 x 200 sm. **89.950** nú **49.950**
Vnr. 8880000913, 8880000914

SPARIÐ ALLT AÐ 40.000

NÚ VERÐ FRÁ:

29.950

HÆGINDASTÓLAR
Fallegir hægindastólar á frábæru verði! Hægt að halla baki og lyfta skemli. Fáanlegir með leðri og PU áklæði. Litir: Svartur og brúnn. Leðurstóll: **89.950** nú **49.950** PU stóll: **59.950** nú **29.950** Vnr. 8880000795, 8880000799, 8880000800, 8880000801

25%
AFSLÁTTUR

NÚ VERÐ FRÁ:

970

PLASTKASSAR
13 ltr. **1.295** nú **970**
24 ltr. **1.895** nú **1.420**
29 ltr. **1.995** nú **1.495**
50 ltr. **2.995** nú **2.245**
Vnr. 1234, 2034, 2040, 2046

NÚ VERÐ FRÁ:

1.995

50%
AFSLÁTTUR

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

100% BÓMULL

**LINKING
SÆNGURVERASETT**
Efni: 100% bómull. Stærðir: 140 x 200 sm. **3.995** nú **1.995** 140 x 220 sm. **4.995** nú **2.495** Lokað með tölum. Vnr. 1031-1030

Smábátasjómenn sömdu um kaup á sjö milljónum lítra af olíu

NEYTENDUR Landssamband smábátaeigenda (LS), Skeljungur hf. og Sjávarkaup hf., hafa gert með sér samning fyrir hönd á þriðja hundrað smábátaeigenda um kaup á sjö milljónum lítra af eldsneyti hið minnsta. Samningurinn tók gildi í gær og gildir til 31. desember 2017.

Auk afsláttar á olíu á báta tekur samningurinn einnig til smurolíu, smurefna og eldsneytis á bifreiðar félagsmanna.

Fram kemur á heimasíðu LS að samningurinn hefur átt sér töluverðan aðdraganda þar sem LS hefur um nokkurt skeið vakt að olíuverð hjá oliufélögnum þremur Skeljungi, N1 og OLÍS. Markmiðið var að efla samkeppni og ná þannig fram lægra verði fyrir smábátaeigendur. Í haust var ákveðið að reyna að knýja fram lægra innkaupsverð með útboði. LS leitaði í því skyni til Sjávarkaupa hf., sem sérhæfir sig í

» Fjórum oliufélögum var gefinn kostur á að bjóða í oliukaup sjómanna sem aðild eiga að Landssambandi smábátaeigenda. Tilboð barst ekki frá oliufélögnum N1 og Olis.

útboðum, innkaupum, innflutningi og eftirfylgni útboða.

Fjórum oliufélögum var gefinn kostur á að bjóða í kaupin. N1 og Olis skiluðu ekki inn tilboði. Með samningnum fá smábátaeigendur bætt kjör og formúluverð sem er beintenging við þróun heimsmarkaðsverðs og gengis sem er gríðarlega stór áfangi fyrir félagsmenn í LS til bættra kjara, segir á heimasíðu LS. – shá



Rúmlega 200 sjómenn geta nýtt sér samning LS við Skeljung. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Pósturinn hækkar gjaldskrá

VIÐSKIPTI Póst- og fjarskiptastofnunin hefur heimilað Íslandspósti að hækka gjaldskrá fyrir bréf innan einkaréttar um tíu prósent vegna bréfa sem eru 50 grömm eða léttari. Þetta kemur fram í nýjum úrskurði stofnunarinnar en Íslandspóstur sendi beiðni um hækkingu gjaldskrár í byrjun desember.

Í úrskurðinum kemur fram að áætlaður tekjuauki Íslandspósts á árinu er 281 milljarður.

Í niðurstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar segir að stofnunin telji rök standa til þess að nauðsynlegt sé að hækka gjaldskrá Íslandspósts innan einkaréttar. Þá sé byggt á fyrirsjáanlegri fækkun bréfa og hækkingu launakostnaðar í samræmi við gildandi kjarasamninga. – ngy

Landsvirkjun fær 26 milljarða króna að láni

VIÐSKIPTI Landsvirkjun hefur tryggt sambankalán á alþjóðlegum bankamarkaði til þriggja ára að fjárhæð 200 milljónir Bandaríkjadalra – eða sem svarar til rúmlega 26 milljarða íslenskra króna.

Heimilt er að framlengja lánið tvisvar um eitt ár í senn og getur lánstími því að hámarki orðið fimm ár. Með lántökunni hefur Landsvirkjun lokið við endurnýjun sams konar láns sem samið var um árið 2011 með lokagjalddaga í desember 2016. Lánið verður nýtt til almennrar fjárstýringar Landsvirkjunar.

Lánið er veitt af viðskiptabönkum Landsvirkjunar og voru umsjónaraðilar Barclays Bank PLC, Citigroup Global Markets Limited, Íslandsbanki hf. og Merchant Banking, Skandinaviska Enskilda Banken AB (publ). Aðrir þátttakendur í láninu eru Arion banki hf., ING Bank Belgium SA/NV og J.P. Morgan. – shá

Erfitt að umbuna hjá lögreglu nema með stöðuhækkunum

Sameining lögregluembætta hefur ekki fækkað yfirmönnum. Fá tækifæri eru til að hækka laun lögreglumanna nema með stöðuhækkun, segir lögreglustjóri. Hægt gangi að ná markmiðinu um að fletja út skipulag.

STJÓRNSÝSLA Tæplega 41 prósent lögreglumanna á landinu gegnir yfirmannsstöðu sé tekið meðaltal starfsmanna hjá öllum níu lögregluumdæmum landsins, auk ríkislögreglustjóra.

Hlutfall óbreyttra lögreglumanna fer hæst í 69 prósent hjá lögreglunni á Norðurlandi eystra og tæp 68 prósent hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Lægst er hlutfall óbreyttra hjá lögreglunni í Vestmannaeyjum, 40 prósent, og svo 31 prósent hjá ríkislögreglustjóra.

Sé bara horft til lögregluembætanna níu er hlutfall óbreyttra lögreglumanna 63,5 prósent á móti 36,5 prósentum sem gegna yfirmannsstöðu.

Um áramótin síðustu var lögregluumdæmum fækkað og þau sameinuð til hagræðingar. Það er meðal annars ástæða mikils fjölda yfirmanna. „Aðvitað er markmiðið að fjölga þeim sem eru að sinna verkefnum úti í umdæminu en ekki stjórnendum,“ segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

„Það er ekki hægt að gera það í einu vefangi því það má ekki taka stöður af fólki sem það er komið með. Í mínum huga þarf að fletja út píramíðann til að boðleiðirnar séu ekki of langar.“

Tölurnar eru fengnar frá embætti ríkislögreglustjóra. Þær sýna sundurliðaðan fjölda lögreglumanna eftir stöðum þeirra. Sé tekið mið af tölunum er um fimm yfirmannsstöður að ræða innan lögreglunnar, fyrir utan lögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra. Þær eru: Yfirlögregluþjónn, aðstoðaryfirlögregluþjónn, aðalvarðstjóri, lögreglufulltrúi og varðstjóri.

Aðeins rannsóknarlögreglumenn og lögreglumenn hafa ekki mannaforráð en rannsóknarlögreglumenn eru þó með hærri tekjur en almennir lögreglumenn.

Sigríður segir að lögreglufulltrúar

Í núverandi launumhverfi lögreglunnar er erfitt að umbuna lögreglumönnum fyrir vel unnin störf nema með stöðuhækkunum.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu




hafi ekki alltaf mannaforráð heldur fari þeir í sumum tilfellum með forráð ákveðins málaflökks eða verkefnis.

„Í núverandi launumhverfi lögreglunnar er erfitt að umbuna lögreglumönnum fyrir vel unnin störf nema með stöðuhækkunum. Aukinn sveigjanleiki, til dæmis með meira fjármagni inn í stofnanasamninga, getur haft áhrif á hlutfall stjórnenda,“ segir Sigríður.


Hún segir það markmið sitt að fletja skipulag lögreglunnar út. „Það þarf ekki sex eða sjö manna keðju sem skilaboðin þurfa svo að berast upp og niður um.“

Á landinu starfa 23 yfirlögregluþjónar sem allir eru karlar. Hlutfall kvenna í yfirmannsstöðum er hæst hjá lögreglufulltrúum eða 19,1 prósent. Fjórar konur eru lögreglustjórar á landinu. snaeros@frettabladid.is



Lögreglumenn stóðu í harðri kjarabaráttu á árinu. Það reynist erfitt að umbuna þeim með hærri launum án þess að veita þeim stöðuhækkun. Sveigjanleika skortir að mati lögreglustjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hlutfall yfirmanna innan lögreglunnar



Veltan jókst um 34% milli 2014 og 2015

VIÐSKIPTI „Myndarleg aukning varð í viðskiptum á bæði hlutabréfa- og skuldabréfamarkaði á árinu sem er að liða,“ segir Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallar Íslands, Nasdaq Iceland, um viðskiptin á árinu 2015.

„Þáttaskil urðu í júní þegar stjórnvöld tilkynntu um aðgerðaáætlun til losunar fjármagnshafta og tóku viðskipti kipp í framhaldinu. Við buðum þrjú ný félög velkomin á markað og fjárfestar á hlutabréfamarkaði nutu vönnar ávöxtunar. Á skuldabréfamarkaði tóku erlendir fjárfestar þátt í viðskiptum með ríkisbréf í auknum mæli og viðskipti með sértryggt skuldabréf bankanna jukust verulega á síðustu mánuðum ársins. Við lítum með tilhlökkun til nýs árs og þeirra tækifæra sem losun fjármagnshafta hefur í för með sér,“ segir Magnús.


Í viðskiptayfirliti Nasdaq Iceland fyrir árið 2015 kemur fram að heildarviðskipti með hlutabréf



Magnús Harðarson forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallar Íslands

á árinu námu 392 milljörðum. Þetta er 34 prósentu veltuaukning frá árinu 2014. Þá segir að mest hafi viðskipti með bréf Icelandair Group verið eða 87,4 milljarðar og bréf Marel eða 61,1 milljarður.

Heildarviðskipti með skuldabréf námu 1.996 milljörðum árið 2015. Þetta er 29 prósentu veltuaukning frá árinu 2014. Þá kemur fram í viðskiptayfirlitinu að viðskipti með ríkisbréf námu alls 1.684 milljörðum en viðskipti með íbúðabréf námu 180 milljörðum. Viðskipti með sértryggt skuldabréf bankanna námu 92 milljörðum. – ngy



Heildarviðskipti með hlutabréf í Kauphallar Íslands námu 392 milljörðum á nýliðnu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hefst 11. janúar

BAKLEIKFIMI & AQUA FITNESS

UNDIR LEIÐSÖGN SJÚKRAPJÁLFARA Í GRENSÁSLAUG, GRENSÁSVEGI 62.

Upplýsingar og skráning á www.bakleikfimi.is

BREIÐU BÖKIN


Vinum saman og fylgjumst með verðlagi

Um áramótin lækka tollar á fatnaði, skóm og fleiri nauðsynjavörum. Lækkunin á að skila sér í lægra verði til almennings. Hún á að stuðla að aukinni verslun innanlands og draga úr hvata almennings til að versla erlendis. Þannig skapast meiri verðmæti fyrir samfélagið í heild.

Kaupmáttur er ekki bara tala á blaði, heldur mælir hann raunverulega kaupgetu fólks. Það er staðreynd að Íslendingar fá meira fyrir launin sín nú er nokkru sinni áður.

Til að tryggja áframhaldandi jákvæða þróun þurfa neytendur að standa saman, fylgjast með verðlagi og beina viðskiptum sínum til þeirra sem standa sig best í frjálsri samkeppni.

Kaupmáttur hefur aukist sem hér segir frá árinu 2012, mælt í október ár hvert 12 mánuði aftur í tímann:





Ólafur Ragnar Grímsson forseti gefur ekki kost á sér aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sex hafa tilkynnt um framboð til forseta

STJÓRN MÁL Sex einstaklingar hafa boðað framboð til embættis forseta Íslands.

Um er að ræða Þorgrím Þráinsson rithöfund, Elísabetu Jökulsdóttur skáld, Árna Björn Guðjónsson listmálara og húsgagnasmíð, Ástþór Magnússon, athafnamann, fyrrverandi forsetaframbjóðanda og stofnanda Friðar 2000, Hildi Þórðardóttur rithöfund og Ara Jósefsson leikara.

Þá hafa fleiri verið orðaðir við embættið en Andri Snær Magnason rithöfundur sagði í samtali við Fréttablaðið um helgina að hann gæti ekki hafnað áskorun um að bjóða sig fram sökum þess hve áhugaverðir tímar væru fram undan.

Þá hefur Hrannar Pétursson, fyrrverandi upplýsingafulltrúi, sagst hafa ihugað framboð af fullri alvöru. Auk þess hafa Stefán Jón Hafstein, umdæmisstjóri hjá Þróunarsamvinnustofnun í Úganda, og Halla Tómasdóttir fjárfestir sagst ihuga framboð.

Jafnframt hafa nöfn Jóns Gnarr, framkvæmdastjóra dagskrársviðs 365, og Katrínar Jakobsdóttur, formanns Vinstri grænna, borið á góma, en bæði hafa neitað því að hafa hug á framboði.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, lýsti því yfir í nýársávarpi sínu að hann gæfi ekki kost á sér aftur í embættið, en hann hefur gegnt embættinu í 20 ár. Forsetakosningar fara fram 25. júní. – ngy

Kuldahrollur í Krakábúum



Rostungarnir láta ekki að sér hæða Hópur áhugafólks um kuldaböð, sem kallar sig „Rostungana“, stingur sér til sunds í anni Wistula rétt við Wawelkastala í Kraká í Póllandi. Þar hentaði veður í gar þeim sem njóta þess að láta kuldabola bíta sig, því frostið stóð í fimmtán gráðum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Opinbert launaskrið gerir samninga erfiðari

Formaður VR segir ákvörðun kjararáðs um að hækka laun opinberra starfsmanna gera kjaraviðræður erfiðari. Launaskriðið er einn þátta sem teknir verða til skoðunar vegna hugsanlegrar opunar kjarasamninga í febrúar.

KJARAMÁL „Þetta launaskrið opinberra starfsmanna hefur ekki eins mikil heildaráhrif þar sem þetta eru nokkrir tugir en ekki mörg þúsund manns,“ segir Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, um ákvörðun kjararáðs um að hækka laun opinberra embættismanna um 9,3 prósent og hækkun einingaverðs yfirvinnu um 14,3 prósent.

„En það gerir samningaviðræður erfiðari þegar menn fljúga svona langt, langt fram úr öðrum og maður skilur eiginlega ekki rökin fyrir því að hækka þurfi menn svona svakalega mikið á einu bretti. Það gefur tilefni til að maður velti því fyrir sér hvort störf þeirra séu ranglega metin eða ofmetin. Þetta er eiginlega fáheyrt, að það þurfi að hækka fólk svona mikið.“

Kjarasamningar voru samþykktir í fyrra með fyrirvara um ákveðnar forsendur. Endurskoðunarnefnd stéttarféлага og atvinnurekenda leggur mat á hvort þær forsendur, eða vanefndir þeirra, kalli á opnun

Það gerir samningaviðræður erfiðari þegar menn fljúga svona langt, langt fram úr öðrum og maður skilur eiginlega ekki rökin fyrir því að hækka þurfi menn svona svakalega mikið á einu bretti.

Ólafía B. Rafnsdóttir formaður VR



stöðuna. Við viljum leita allra leiða til að hér opnast ekki allt saman en við þurfum náttúrulega að setjast niður og skoða heildarmyndina og skoða það út frá því þannig að það hefur engin ákvörðun verið tekin,“ segir Ólafía.

Hún segir fólk helst vilja koma í veg fyrir að samningar verði opn- aðir aftur en finna þurfi viðunandi lausnir til að tryggja það.

„Markmiðið snýst fyrst og síðast um að leita lausna til þess að finna út úr því hvort við náum ekki saman til að halda samningnum. En það eru margir þættir sem þarf að fara í gegnum og velja fyrir sér, ekki bara þessar launahækkunir, heldur líka loforð stjórnvalda og það þarf að vinna með alla þessa þætti í einu.“

Þá hefur Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, gagnrýnt launaskriðið harðlega og sagt laun verkafólks engan veginn í samhengi við launahækun opinberra starfsmanna.

stefanrafn@frettabladid.is



Tilkynning um framboðsfrest til stjórnarkjörs

Samkvæmt 37. gr. laga Félags íslenskra rafvirkja skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör stjórnar og trúnaðarráðs.

Með hliðsjón af framansögðu tilkynnist hér með að framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til kl. 16.00 föstudaginn 15. janúar 2016 Skila ber tillögum ásamt meðmælendum fyrir þann tíma á skrifstofu félagsins.

Hverjum framboðslista skulu fylgja skrifleg meðmæli minnst 18 fullgildra félagsmanna

Reykjavík 4. janúar 2016.

Stjórn Félags íslenskra rafvirkja

ALLAR NÝJAR NÁMS BÆKUR

20% VILDAR AFSLÁTTUR



5% afsláttur af ÖLLUM
VÖRUM einnig tilboðum

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildir 4.janúar, til og með 6. janúar. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrensl.

Kalt stríð Sáda og Írana í kjölfar aftöku

Hópur mótmælenda kveikti í sendiráði Sádi-Arabíu í Teheran á laugardag vegna aftöku á sjá-klerkinum Sheikh Nimr al-Nimr. Erkiklerkur Írans og æðsti embættismaður segir guðlega refsingu bíða Sáda. Sádi-Arabar hafa slitið stjórnmálatengsl við Íran.

ÍRAN „Óréttlát blóðsúthelling hins kúgaða #SheikhNimr kallar á stigvaxandi og guðlega refsingu sem mun helta stjórnmálamenn Sáda,“ skrifaði Khameini, erkiklerkur og æðsti embættismaður Írans, á Twitter í gær.

Hann mótmælti aftöku sjá-klerksins Sheikh Nimr al-Nimr og 46 annarra í Sádi-Arabíu sem fram fór á laugardaginn. Einstaklingunum 47 er gert að sök að hafa lagt á ráðin um og ýtt undir hryðjuverk í Sádi-Arabíu.

„Þessi kúgaði fræðimaður boðaði aldrei vopnaða hreyfingu, né var hann viðriðinn leynileg samsæri,“ skrifaði erkiklerkurinn.

Þá sagði hann Sheikh Nimr hafa stundað friðsæl mótmæli gegn súnni-stjórninni í Sádi-Arabíu.

Sheikh Nimr al-Nimr var einn helsti leiðtogi mótmælenda gegn ríkisstjórn Sádi-Arabíu frá því að arabíska vorði hófst árið 2012.

Fjöldi manna hefur mótmælt um Mið-Austurlönd vegna aftökunnar en hundruð manna komu saman fyrir utan sendiráð Sádi-Arabíu í Teheran á laugardagskvöld og aftur í gær til að mótmæla. Á laugardag var kveikt í sendiráðsbyggingunni auk þess sem mótmælendur brenndu veggspjöld með myndum af Salman bin Abdulaziz Al Saud, konungi Sádi-Arabíu. Fjórutíu mótmælendur voru handteknir í lögregluáðgerðum.

Sádi-Arabar hafa kallað sendi-

Þessi kúgaði fræðimaður boðaði aldrei vopnaða hreyfingu, né var hann viðriðinn leynileg samsæri.

Ali Khameini erkiklerkur Írans í færslu á Twitter



herra Írans á sinn fund til að fá skýringu á harðri afstöðu Írans. Þá hafa Sádi-Arabar slitið stjórnmálatengsl við Íran. Í yfirlýsingu frá utanríkisráðuneyti Sádi-Arabíu segir að með því að fordæma aftökurnar hafi Íranir afhjúpað sig sem stuðningsmenn hryðjuverka.

Hassan Rouhani, forseti Írans, fordæmdi mótmælin við sendiráð Sádi-Arabíu en ítrekaði þó þá afstöðu sína að aftökurnar hefðu verið óréttlátar. Margir fjölmiðlar í Sádi-Arabíu verja aftökurnar og segja landið öruggara fyrir vikið og ekki skipta máli hvort sjá- eða súnni-múslimar væru þar á ferð. Íranir hafa verið sterkir stuðningsmenn samfélaga sjá-múslima víða um Mið-Austurlönd.

Fjölmiðlar í Íran fordæma aftökurnar og segja þær einungis virka sem olíu á eldinn og munu kalla á hefndaráðgerðir gegn ríkisstjórn Sáda. stefanraf@frettabladid.is



Mótmælendur héldu á myndum af Sheikh Nimr al-Nimr í mótmælum fyrir utan sádiarabíska sendiráðið í Íran. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hreyfing sem spratt upp úr arabíska vorinu

Sjá-klerkurinn Sheikh Nimr al-Nimr sem var tekinn af lífi á laugardaginn var einn höfuðpaura mótmælareyfirgjafar gegn súnni-stjórn Sádi-Arabíu. Hreyfingin

spratt upp úr arabíska vorinu. Sheikh Nimr kallaði meðal annars eftir því að austurhéruð Sádi-Arabíu lýstu yfir sjálfstæði en héruðin eru afar olíurík og þar búa

um tvær milljónir sjá-múslima. Hann gagnrýndi ríkisstjórn Sádi-Arabíu harðlega fyrir að hliðsetja og einangra samfélög sjá-múslima í landinu.

Mínar síður

á www.reykjavik.is



Á vef Reykjavíkurborgar undir „mínar síður“ geta fasteignaeigendur:

- skoðað álagningarseðil fasteignagjalda (eftir 25. janúar 2016) og alla breytingarseðla þar á eftir
- skráð sig í boðgreiðslu fasteignagjalda
- gefið upp reikningsnúmer ef til endurgreiðslu kemur
- óskað eftir að fá senda greiðsluseðla fyrir fasteignagjöldum þar sem þeir verða, líkt og áður, ekki sendir út til greiðenda, 18-73 ára
- sent inn erindi vegna fasteignagjalda

Fasteignagjöld ársins 2016, yfir 25.000 kr., greiðast með níu jöfnum greiðslum á gjalddögum 1. febrúar, 2. mars, 2. apríl, 2. maí, 1. júní, 3. júlí, 2. ágúst, 3. september og 2. október. Gjaldþagi fasteignagjalda undir 25.000 kr. er 1. febrúar.

Fasteignagjöld í Reykjavík verða innheimt í netbönkum. Fasteignaeigendum er jafnframt bent á boðgreiðslur af greiðslukortum og á beingreiðslur hjá öllum bankastofnunum.

Nánari upplýsingar og aðstoð má fá með því að senda fyrirspurn á netfangið upplýsingar@reykjavik.is eða í síma 411 1111.



Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is

Helgi Hrafn valinn stjórnmálamaður ársins

STJÓRN MÁL Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður og formaður Pírata, var útnefndur stjórnmálamaður ársins 2015 í útvarpsþættinum Á Sprengisandi í gær af hlustendum Bylgjunnar og lesendum Vísis. Kosningin var mjög jöfn milli þriggja efstu sætanna, þar sem Helgi Hrafn hlaut rúm 22 prósent atkvæða en Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, sem var í öðru sæti, hlaut 21,4 prósent atkvæða. Þá var Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, í þriðja sæti með 20,6 prósent atkvæða.

Í fjórða sæti var Katrín Jakobsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, en hún hlaut rúm tíu prósent atkvæða og Ólöf Nordal innanríkisráðherra í því fimmta með rúm sjö prósent atkvæða.

Árni Páll Árnason og Katrín Júlíusdóttir, þingmenn Samfylkingarinnar, voru í tveimur neðstu sætunum, Árni með tæp þrjú prósent atkvæða og Katrín með rúm tvö prósent.

Helgi Hrafn er oddviti Pírata í Reykjavíkurborgardæmi norður en flokkurinn var stærsti flokkur síðasta árs, með þrjátíu prósent meðalfylgi yfir árið samanborið við rúmlega tíu prósent meðalfylgi Framsóknarflokksins sem leiðir ríkisstjórnina. Haldi Píratar þessu fylgi þýðir það að

Vinsælir og óvinsælir stjórnmálamenn

| Nafn | Hlutfall |
|---------------------------|----------|
| Helgi Hrafn Gunnarsson | 22% |
| Sigmundur D. Gunnlaugsson | 21,4% |
| Bjarni Benediktsson | 20,6% |
| Katrín Jakobsdóttir | 10,1% |
| Ólöf Nordal | 7,2% |

| | |
|---------------------|------|
| Birgitta Jónsdóttir | 6,3% |
| Vigdís Hauksdóttir | 4,1% |
| Ottarr Proppé | 3,2% |
| Árni Páll Árnason | 2,7% |
| Katrín Júlíusdóttir | 2,3% |

Heimild: Sprengisandur




Helgi Hrafn Gunnarsson formaður Pírata

þeir fengu níttján þingsæti í næstu kosningum, sem yrði margföldun á völdum flokksins því á þessu kjörtímabili sitja aðeins þrjú Píratar á þingi. – glp

Hlemmur áfram opinn

SVEITARSTJÓRNARMÁL Reykjavíkurborg tekur við rekstri á Hlemmi um áramót og verður hann áfram opinn fyrir farþega strætó. Strætó verður hins vegar ekki með starfsemi á Hlemmi og hefur sagt upp leigu sinni þar. Farmíðasalan hefur verið flutt í verslun 10/11 að Laugavegi 116. Verklepar framkvæmdir vegna matarmarkaðar sem verður opnaður næsta sumar hefjast í apríl og ætlar Reykjavíkurborg að huga að aðstöðu fyrir farþega sem bíða á Hlemmi á meðan þær standa yfir. – kbg



Hlemmi verður ekki lokað strax á nýju ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK



Sporthúsið býður Balance og Helgu Lind velkomin til starfa

6 vikna námskeið hefjast 11. og 12. janúar

POWER PILATES er fjölbreytt og skemmtilegt námskeið fyrir konur sem karla. Kröftugar Pilates- og barreæfingar ásamt öðrum styrktaræfingum. Unnið er með alla vöðva líkamans með ríkri áherslu á djúpvöðvana. Djúpvöðvarnir liggja næst hryggsúlunni og eiga því að halda okkur í réttri líkamsstöðu.

BETRA FORM er aðhaldsnámskeið fyrir konur. Þátttakendur fá alhliða þjálfun, mótun og styrkingu sem og aukið þol. Tímarnir skiptast í þrennt, Power Pilates, HITT tíma og þol- og styrktaræfingar, þar sem púlsinn er keyrður upp með skemmtilegri uppbyggingu.

Nánari upplýsingar og skráning í s: 564 4050, www.sporthusid.is
eða á netfangið gunnhildur@sporthusid.is

þín þróun...

SPORTHÚSIÐ • DALSMÁRA 9-11 • 201 KÓPAVOGI



Hrina gæti verið hafin í Bárðarbungu

Jarðskjálftar og mælingar benda ótvírátt til að kvika safnist nú fyrir í eldstöðvarkerfi Bárðarbungu. Ari Trausti Guðmundsson jarðfræðingur segir ekki ólíklegt að umbrotahrina sé hafin, en saga fjallsins kennir að nokkur eldgos gætu orðið uppi á næstu áratugum.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Jarðskjálftar í Bárðarbunguöskjunni hafa vakið athygli að undanfögnu, enda eldgosíð í Holuhrauni enn í fersku minni. Sérfræðingar eru sammála um að kvikusöfnun sé hafin en greinir á um hversu langt er í næstu umbrot. Sagan kennir að næstu ár gæti Bárðarbunga haldið þjóðinni á tánum.

Kemur ekki á óvart

„Bárðarbungukerfið er órólegt. Það kemur ekki á óvart, sé lítið yfir sögu þess,“ segir Ari Trausti Guðmundsson, jarðfræðingur og höfundur fjölda bóka um eldvirkni á Íslandi, um jarðskjálftavirknina að undanfögnu þar sem skjálftum yfir þrjú stig að stærð hefur fjölgað og tveir slíkir voru skráðir á nýliðnum jölum. Töluverðrar smáskjálftavirkni verður einnig vart um miðbik Bárðarbungukerfisins, einkum við stóra kvikuganginn og í norðurhelmingi eldfjallsins sjálfs – og einmitt þar hafa flestir nýlegir skjálftar af stærri gerðinni átt sér stað, bendir Ari Trausti á.

„Eldstöðvarkerfið með sinni stóru megineldstöð er með þeim virkari og lengstu á landinu. Vítið er um yfir 300 eldgos þar á um það bil 7.000 árum en það svarar til gostíðni upp á um það bil fimm gos á hverri öld. Fyrir Holuhraunseldinn urðu síðast umbrot í kerfinu 1862 til 1864. Þá gliðnaði og sprakk jörð suðvestan við Bárðarbungu, ekki langt norðan við Jökulheima og Tröllahraun. Nærri 30 ferkílómetrar lögðust úr Tröllagígum yfir eldri hraun, sanda og mela,“ segir Ari Trausti.

Fjallið þenst út

Frá því 10. júlí síðastliðinn hafa borist gögn frá nýjum GPS-mæli Væðurstofu Íslands sem staðsettur er vestan megin í eldfjallinu, á jökulskerinu Kistu, sem er nærri öskjunni. Miðað við upphaf desembermánaðar var færsla hans orðin um 6,5 sentimetrar til norðvesturs og um þrjár sentimetrar upp. Það er til marks um útþenslu eldfjallsins sem aftur bendir til innstreymis kviku í kerfið, útskýrir Ari Trausti. Hann segir margt vísa til þess, og þá einna helst jarðefnafræðigögn, að hefðbundið grunnstætt kvikuhólf sé ekki að finna undir Bárðarbungu. Kvika sem berst hátt upp undir Bárðarbungu sjálfa kann þá að mynda lárétt innskot, svokallaðar sýllur, sem kannski tengjast að lokum og mynda kvikuhólf undir



Eldgosíð í Holuhrauni stóð í hálf tveim árum og telst eitt hið stærsta á Íslandi í langan tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

öskjunni. Eins telur hann líklegast að nýja Holuhraunskvikan hafi komið úr undirliggjandi og stærri kvikuþró, af 10 til 20 kílómetra dýpi, og sem liggja nokkuð langt til hliðar við eldfjallið.

„Þaðan braust hún áfram leiðina löngu sem vakti svo mikla athygli þar til gaus í eldra Holuhrauninu. Snemma í atburðarásinni braust kvika líklega einnig upp í norðanvert eldfjallið og áfram í átt að Kistufelli en náði aldrei yfirborði. Þarna, og svo sem í allri norðanverðri sprungurein eldstöðvarkerfisins, liggja gamlar brotalínur og þarna safnast upp togspenna vegna plötuskriðsins. Undir Dyngjujökli og framan við hann afmörkuðust í látunum núna tveir grunnir sigdalir sem Ásta Rut Hjartardóttir og fleiri jarðvísindamenn fjalla um í glænýrri grein í tímariti um eldfjallafræði og jarðhitarannsóknir. Það er einmitt samspil kvikuþrýstings, landslags,

gamalla og nýrra brotalína sem stýrir myndun ganga, kvikufylltrar sprungu, eins þarna sást enda í eldgosi.“

Eldgosahrina?

Í upphafi 18. aldar og nokkrum sinnum fram til 1740 var hrina eldgosa í Bárðarbungukerfinu, sennilega með milli 7 og 10 gosum samtals. Gjósuklög og jökulhlaup í Jökulsá á Fjöllum segja til um að eldurinn var oft uppi undir jökli en það kann líka að hafa gosið á íslausu landi enda nokkuð um nýleg hraun og gíga frá Dyngjuhálsi yfir í Holuhraun. Nokkuð fyrr, á 9. og 15. öld, urðu öflugar gos- og rekrhinur í suðurhluta Bárðarbungukerfisins.

„Nú þegar atburðarásin sýnist ætla að halda áfram, fyrst með áframhaldandi kvikusöfnun undir og allt eins til hliðar við Bárðarbungu, er ekki vítið hvenær eða hvar kvika kann að fara aftur af stað, grunnt í

Að því gefnu að svona atburðarás getur stöðvast, vil ég engu spá um tímalengdir en tel meiri líkur en minni á að gliðnunin, gangamyndunin og kvikusöfnunin nú séu allt merki um að umbrotahrina sé hafin.

Ari Trausti Guðmundsson jarðfræðingur



skorpunni, jafnvel með tilheyrandi eldgosí. Ekki heldur í hvaða mæli eða nákvæmlega hvar við miðbik kerfisins aðalinnstreymi kviku fer fram á verulegu dýpi þessar vikur og

mánuði. Samkvæmt sérfræðingum Væðurstofunnar er þó talið að framsóknin sé hæg og nokkuð langt verði í næstu hugsanlegu umbrot. Aðrir jarðvísindamenn telja kannski að styttra sé í þau. Að því gefnu að svona atburðarás getur stöðvast, vil ég engu spá um tímalengdir en tel meiri líkur en minni á að gliðnunin, gangamyndunin og kvikusöfnunin nú séu allt merki um að umbrotahrina sé hafin. Hún getur staðið lengi eins og fyrri dæmi sýna en verður vonandi sem styst. Á meðan geta svo aðrar eldstöðvar hrokkið í gang, t.d. Grímsvötn,“ segir Ari Trausti.

Margoft er búið að víðra ólíka atburðarás, stundum kallaðar sviðsmyndir, sem kunna að hefjast í Bárðarbungukerfinu; hraungos, gjósukgos, öskjusig og vatnshlaup eftir að minnsta kosti fjórum hlaupleiðum. Endurtekið hraungos í Holuhrauni eða þar í nánd er ekkert líklegt en hvað annað, telur Ari Trausti.

Ólafur Arnalds hlaut bjartsýnisverðlaunin

SAMFÉLAG Ólafur Arnalds tónlistarmaður hlaut Íslensku bjartsýnisverðlaunin, sem afhent voru við hátíðlega athöfn á Kjarvalsstöðum um helgina. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti verðlaunin sem eru áletraður gripur úr áli og verðlaunafé að fjárhæð ein milljón króna.

Ólafur Arnalds lét þess getið í þakkarávarpi sínu að verðlaunafé myndi renna til hljóðfærakaupa fyrir Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans.

Íslensku bjartsýnisverðlaunin eru menningarverðlaun sem afhent hafa verið árlega síðan 1981 og voru í upphafi kennd við upphafsman sinn, Danann Peter Bröste, en álverið í Straumsvík hefur verið bakhjarl þeirra síðan Peter dró sig í hlé.

Í dómnefnd eru Vigdís Finnbogadóttir, Þórunn Sigurðardóttir, Örnólfur Thorsson og Rannveig Rist.–ngy



Ólafur Arnalds ætlar að gefa verðlaunafé til hljóðfærakaupa fyrir Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Sunddeild Ármanns

Barnasund

Sundnámskeið fyrir börn 2ja-6 ára
hefst föstudaginn 22. janúar
í Árbæjarlaug

Innritun virka daga frá kl. 17.00 og um helgar frá kl. 13.00
í síma 557 6618 Stella, stella.gunnars@gmail.com



ÚTSALA

20–70%
afsláttur



Við opnum kl. 12:00
mánudaginn 4. janúar

Þetta er stóra verkefnið



Magnus Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er líkast til vandfundinn sá maður sem er jafn ánægður með störf sitjandi ríkisstjórnar og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson ef marka má áramótaávarp forsætisráðherra. Samkvæmt ávarpinu hefur allt færst til betri vegar en lítið sem ekkert kom þar fram um það sem betur hefði mátt fara. Er það þó umtalsvert ef að er gáð.

Upp í hugann koma atriði á borð við verkfallsbann á samfélagslega mikilvægar stéttir. Afleit kjör fjölda aldraðra og öryrkja sem ríkisstjórnin treysti sér illa til þess að bæta en þeim mun betur til þess að hamra á að hefðu aldrei verið betri. Snautlega lítil þátttaka Íslendinga í að hjálpa því flóttafólki sem streymir um þessar mundir inn í Evrópu. Vaxandi ágangur og ágengni við íslenska náttúru. Samfélagslegar hótanir störfyrirtækis sem merkilegt nokk virðist alltaf rekið með tapi á Íslandi með þeim afleiðingum að lágmarksskattar renna til ríkissjóðs. Viðvarandi launamisrétti sem konur þurfa að þola víða í samfélaginu. Slæg meðferð kynferðisbrotamála í íslensku réttarkerfi. Þung staða íslenska heilbrigðiskerfisins. Vaxandi misskipting auðs og velferðar í íslensku samfélagi og efalitið mætti áfram telja fyrir þá sem treysta sér til.

En eins og allir sem taka þátt í stjórn málum af fullum krafti þá gerir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson það efalitið líka með það að markmiði að bæta samfélagið og eflaust ætla ríkisstjórnin sér að bæta úr þessum málum á árinu. Því eins og Sigmundur Davíð bendir á þá eru tækifærin vissulega til staðar í íslensku samfélagi og það eigum við ekki sist að þakka eldri kynslóðum. Eins og t.d. kynslóðunum sem stjórnvöld treystu sér ekki til að veita afturvirkar kjarabætur fyrir skómmu.

Það hlýtur til að mynda að liggja stórt tækifæri í því að samkvæmt bankastjóra Landsbankans ríkir blússandi góðæri og það þrátt fyrir að aðeins örfá ár séu liðin frá því að íslenska bankakerfið hrundi eins og spilaborg. Sigmundur Davíð kallar bankahrunið reyndar „fjármálaáfall“ en ekki hrún svo kannski var þetta ekkert svo skelfilegt. Það fór reyndar fullt af fólki á hausinn, missti heimili sín og svona en það er víst bara fjármálaáfall.

En það er að minnsta kosti deginum ljósara að ríkisstjórnar Íslands bíða stór verkefni. Verkefni sem varða hag og velferð allrar þjóðarinnar ef ekki á illa að fara. Það er nefnilega að verða sífellt erfiðara að verjast þeirri hugsun að á Íslandi búi ekki ein þjóð heldur tvær. Ein þjóð forréttinda, auðs, velsældar og góðæris og svo allir aðrir. Það væri kannski gerlegt að girða af fámennari hópinn og hafa svo hlið á milli til þess að allir viti hvar þeir standa?

En auðvitað mun aldrei koma til slíkrar fásinnu hjá fámennri þjóð. Við þurfum nefnilega öll hvert á öðru að halda með einum eða öðrum hætti. Við þurfum líka að láta okkur varða aðstæður og aðbúnað allra sem lifa í þessu ágæta landi – hvort sem viðkomandi býr innan garðs eða utan. Það er stóra verkefnið sem bíður ríkisstjórnarinnar.



Við þurfum líka að láta okkur varða aðstæður og aðbúnað allra sem lifa í þessu ágæta landi – hvort sem viðkomandi býr innan garðs eða utan.

Halldór



Frá degi til dags

Minnihlutforseti

Ómurinn af ávarpi Ólafs Ragnars Grímssonar er varla dáinn út þegar fjöldi fólks hefur ákveðið að gefa kost á sér sem forseti Íslands eða er að ihuga málið. Þegar hafa sex einstaklingar ákveðið að gefa kost á sér en það eru Þorgrímur Þráinsson, Elísabet Jökulsdóttir, Ari Jósepsson, Árni Björn Guðjónsson, Ástþór Magnússon og Hildur Þórðardóttir. Þá eru Andri Snær Magnason, Hranar Pétursson, Halla Tómasdóttir og Stefán Jón Hafstein að hugsa málið. Þá eru ótaldir þeir sem máta embættið í hljóði. Í forsetakosningum 2012 þótti ofaukið að hafa sex frambjóðendur en ljóst er að frambjóðendur að þessu sinni verða nokkuð fleiri. Þetta gæti þýtt að sigurvegarinn verði kjörinn af miklum minnihluta landsmanna. Einsýnt er að taka þarf upp kosningakerfi sem býður upp á tvær umferðir eða forgangsröðuð atkvæði.

Mótvægi við græningjana
Í skoðanakönnun Vísis um hugsanlega forsetaframbjóðendur kemur fram að Andri Snær Magnason og Katrín Jakobsdóttir bera af í fylgi. Seint munu þau teljast til þeirrar hliðar stjórnmalanna sem Ólafur Ragnar hefur staðsett sig á undanfarin ár. Því hljóta stuðningsmenn Ólafs á borð við Guðna Ágústsson að leita logandi ljósi að frambjóðanda sem gæti skákað græningjunum.
stefanraf@frettabladid.is

Afnemum einkaleyfi RÚV á menningarhlutverki þjóðarinnar



Sævar Freyr Þráinsson
forstjóri 365

Starfsemi RÚV skekkir verulega samkeppni á fjölmiðlamarkaði hér á landi. Flest einkarekin fjölmiðlafyrirtæki berjast í bökkum undir ægivaldi RÚV. RÚV fær árlegt forskot á aðra miðla að fjárhæð um 3,6 milljarðar í útvarpsgjaldi. Á auglýsingamarkaði tekur RÚV til sín u.þ.b. 1,8 milljarða. Þrátt fyrir þetta forskot fær RÚV ár eftir ár aukafjárframlög í ýmsu formi. Á sama tíma og RÚV er veitt skotleyfi á auglýsingamarkaði til að murka lífið úr öðrum fjölmiðlum hefur skattbyrði einkamiðlanna verið aukin með hækkun virðisaukaskatts sem nemur um 200 m.kr. fyrir 365 miðla á þessu ári, sem er merkilegt fyrir þær sakir að það er nálægt sérframlagi sem RÚV fékk í jölgjöf til að framleiða innlent efni á árinu 2016.

Nú vantar framtíðarsýn. Hvernig væri að láta Rás 2 í hendur dugmikilla starfsmanna? Það myndi auka samkeppni og draga úr afskiptum ríkisins á samkeppnismarkaði. RÚV á ekki að kosta meira en 1,5 milljarða á ári í stað 5,7 milljarða. Ég fullyrði að menningarhlutverki stofnunarinnar væri vel borgið með þeirri fjárhæð, m.a. til að halda uppi öflugri og vandaðri dagskrá á Rás 1, eins og verið hefur, sem óumdeilanlega er flaggskip RÚV. RÚV sem ríkisyfirtæki á ekki að vera á auglýsingamarkaði. RÚV á ekki að hafa einkaleyfi á menningarhlutverki þjóðarinnar, þó vissulega eigi RÚV að sinna því.

Mín tillaga er sú að í stað þess að veita öllum þessum fjármunum til RÚV verði stofnaður sjóður, sem fengi til ráðstöfunar 4 milljarða á ári. Hlutverk hans væri að styðja við tónlist, sjónvarp, kvikmyndagerð, leikhús og aðra menningartengda starfsemi, sem myndi einnig nýttast í ljósvakamiðlum landsins. Allir sitji við sama borð og litróf íslenskrar menningar yrði fjölbreyttara. Margfeldisáhrif slíkrar stefnumörkunar yrðu gifurleg. Það myndi stuðla að bættum starfsskilyrðum íslenskra listamanna, fjölbreyttari afþreyingu og nýjar gjaldveyrstekjur myndu verða til.



RÚV sem ríkisyfirtæki á ekki að vera á auglýsingamarkaði. RÚV á ekki að hafa einkaleyfi á menningarhlutverki þjóðarinnar, þó vissulega eigi RÚV að sinna því.

BÓKAÐU ÁRIÐ!
DAGBÆKUR Í MIKLU ÚRVALI

25% afsláttur

Dagbók Penninn 2016
Tilboðsverð: 1.349,-
Verð: 1.799,-

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

„Er það gott djöbb?“



Í DAG
Guðmundur
Andri Thorsson
rithöfundur



Fulltrúalyðræði er undirstaða og forsenda þeirra stjórnarháttá sem þótt hafa gefast einna best í veröldinni fram til þessa: Þingræðisins. Í slíku fyrirkomulagi kys ég fulltrúa mína til starfa á löggjafarsamkomunni. Eg ætlast til þess af þeim að þeir setji sig inn í flókin mál fyrir mína hönd og ráði fram út þeim eftir bestu getu í anda þeirra lífshugsjóna sem þeir eiga sameiginlegar með mér. Eg vænti þess að þetta fólk starfi með hag heildarinnar að leiðarljósi og kunni að veða og meta ólík sjónarmið og alls konar upplýsingar þegar kemur að því að taka ákvarðanir.

Fraegt er svar Halldórs Laxness þegar Matthías Johannessen kom á hans fund að undirlagi Bjarna Benediktssonar þáverandi forsætisráðherra til að vita hvort hann vildi bjóða sig fram til forseta Íslands: „Er það gott djöbb?“ Svarið dregur snilldarvel fram fánleika þessarar málaleitunar og þeirrar hugmyndar sem er svo útbreidd hér á landi, að manneskja sem er góð í einhverju starfi eigi þá einmitt að fara að sinna einhverju allt öðru starfi – og helst því starfi sem viðkomandi er sérlega illa fallinn til að sinna.

Og nú sér maður alls konar fólk gefa sig fram til þess starfa að vera forseti Íslands, og einmitt sérstaklega fólk sem virðist í fljótu bragði illa fallið til starfans.

Þetta er svolítið eins og ef ég labbaði um borð í Brúarfoss og tilkynnti að ég hygðist gefa kost á mér til að vera skipstjóri á því skipi; ég hefði sett upp húfu fyrir framan spegil og tekið mig afar vel út.

Um hvað snýst annars djöbbið?

Fulltrúalyðræði

Fulltrúalyðræði er undirstaða og forsenda þeirra stjórnarháttá sem þótt hafa gefast einna best í veröldinni fram til þessa: Þingræðisins. Í slíku fyrirkomulagi kys ég fulltrúa mína til starfa á löggjafarsamkomunni. Eg ætlast til þess af þeim að þeir setji sig inn í flókin mál fyrir mína hönd og ráði fram út þeim eftir bestu getu í anda þeirra lífshugsjóna sem þeir eiga sameiginlegar með mér. Eg vænti þess að þetta fólk starfi með hag heildarinnar að leiðarljósi og kunni að veða og meta ólík sjónarmið og alls konar upplýsingar þegar kemur að því að taka ákvarðanir. Eg vænti þess að þetta fólk hafi yfirsýn um ólíka málaflokka, sem ég hef ekki. Það sérhæfir sig í löggjafarstörfum í mínu umboði. Finnist mér að fulltrúarnir bragðist trausti mínu finn ég mér aðra fulltrúa sem mér þykja endurspeglar betur hugmyndir mínar um gott samfélag.

Ein meginforsenda þess að slíkt fyrirkomulag virki er að kosningaréttur sé nokkurn veginn jafn: fulltrúarnir á þingi endurspeglar þar með nokkurn veginn vilja og lífshugsjónir kjósendanna sem þeir eru fulltrúar fyrir.

Af einhverjum ástæðum virðast Íslendingar aldrei líta á þingmenn sem fulltrúa sína. Íslendingar segja alltaf „þeir“ um þingmennina sína og bæta helst einhverju óþrethæfu við. Við erum alltaf bálreið út í þingmennina en virðumst aldrei tengja þá reiði við ráðstöfun eigin atkvæða: það vorum sem sagt við sem sendum þessa vitleysinga þarna inn; þeir eru á okkar vegum; þetta eru ekki „þeir“ heldur „við“. Kannski er þessi hugsunarlífa leifar frá þeim tíma þegar valdið var í Kaupmannahöfn – einhvers staðar langt í burtu og við höfðum lítil tók á því að nálgast það með öðru en bænastrám og skeleggum fulltrúum við hirðina.

Þetta kann líka að tengjast því að hér hefur aldrei verið jafn kosningaréttur heldur hefur vægi atkvæða ævinlega verið misjafnt eftir landshlutum; atkvæðavægi hefur verið notað til að rétta hlut byggða sem standa höllum fæti, með litlum árangri. Fyrir vikið hefur nálægð kjósenda við þingmenn ýmist verið of mikil eða of litil; þingmenn hafa virkað sem „skaffarar“ og talsmenn kjördæma við útteilingu tiltekinnna gæða, en annars fremur valdalítið málþófsfólk, sem skiptist á að romsa upp úr sér andsvörum við óræðum til að tefja og þæfa; tungumálið ekki notað til að komast að niðurstöðu heldur til að komast hjá niðurstöðu. Lagasetningin sjálf virðist fara fram meira og minna inni í ráðuneytum eða hjá útgerð og bændasamtökum – og náttúrulega hjá auðmönnum. Í góðærinu tóku raunar auðmennirnir öll völd í landinu af þinginu með þeim óhjákvæmilegu afleiðingum að efnahagskerfi, hugmyndakerfi og síðakerfi þjóðarinnar hrundi. Það var eins og við manninn mælt: almennigur skeiðaði á Austurvöll og henti eggjum og tómötum í vesalings þingmennina; það var eins og enginn rataði alla leið inn í Borgartún.

Þjóðviljinn

Íslenskt fulltrúalyðræði lýsir sér í því að þjóðin kys sér einn fulltrúa: forsetann. Honum er ætlað að vera „ábyrgðarlaus gagnvart stjórnarháttum“ en um leið nokkurs konar fulltrúi þjóðarinnar við háborðið, eiginlega holdtekningur þjóðarviljans.

Og er það gott djöbb að vera þjóðviljinn? Væri ekki betra að „málskotsrétturinn“ væri bundinn við tiltekinn fjölda atkvæðisbærra manna eða aðrar skýrar reglur en að þjóðviljinn væri allur samankominn í hausnum á einum „ábyrgðarlausum“ manni? Forsetinn getur nefnilega líka ræktað annars konar vald í samfélaginu, það sem kallað hefur verið „náðarvald“ og er oft vanmetið af stjórnmálaskýrendum, sem sumir virðast enn standa í þeirri trú að áhrif Vigðisar forseta á þjóðlífið hafi verið af skornum skammti.

Mig langar að fá forseta sem ég gæti afborið að hlusta á halda ræður, og ekki nóg með það, heldur fyllti mig andagift og löngun til að gera eitthvað gott og skynsamlegt. Mig langar að fá loksins forseta sem leiðir okkur saman en sundrar okkur ekki, talar ekki niður til okkar, talar ekki um okkur eins og skrumandi solumaður, en úthúðar okkur ekki heldur; þekkir þau verðmæti sem hér er að finna, þekkir tækifærin sem búa í tækni og úrlausnarefnum á sviði umhverfismála – og getur talað við stjórnmálamenn á öllum köntum, en líka talað máli þjóðarinnar á örlagastundum eins og Ólafur Ragnar gerði svo sannarlega hjá Paxman í frægum þætti. Nú þurfum við að finna slíkan forseta. Vonandi verður þetta ekki eins og í stjórnlagaþingskosningunum þegar öll þjóðin bauð sig fram en skrópaði svo unnvörpum á kjörstað: við eigum örugglega eftir að sjá spennandi frambjóðendur sem verða góðir fulltrúar fyrir nýtt Ísland á nýrri öld, þegar okkur hefur tekist, með skýrari verklýsingu, að gera úr þessu embætti gott djöbb.

GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK
Á BÍÓSTÖÐINNI



Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn.

365.is | Sími 1817

365

nicorette

Fæst í næsta apóteki

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum

Flísabúðin

Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMÍ

Ertu að hætta að reykja?
Veistu hvaða bragðtegund hentar þér?

Fæst í 6 bragðtegundum!



Nicotinell Classic/Fruit/Icemint/Lakrids/Mint/Spearmint/Tropical Fruit lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tobaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og það auðveldar þar með reykjarkafli sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt eða eru tregir til þess, að draga úr reykjum. Notkun hjá fullorðnum 18 ára og eldri: Tyggjið hægt þar til finnst sterkt bragð. Látið tyggigúmmíð hvíla á milli kinnar og tantholds, tyggjið aftur þegar bragðið dofna, endurtakið í um 30 mínútur. Ekki má kyngja lyfjatyggigúmmíinu. Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er, þú skalt nota Nicotinell 4 mg ef þú ert með mikla nikótínþörf, reykir fleiri en 30 sigarettur/sólarhring eða ef þér hefur ekki tekist að hætta að reykja með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmis. Annars skaltu nota Nicotinell 2 mg ef reykst er minna en 20 sigarettur á sólarhring. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtisins skaltu líta á lækninn. Tyggja skal eitt stykki Nicotinell lyfjatyggigúmmí við reykjagjöf. Venjuleg notkun er 8-12 stykki á sólarhring, þó ekki fleiri en 15 stykki af 4 mg lyfjatyggigúmmí og 25 stykki af 2 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Þegar hætta á reykjum: Lengd meðferðar er einstaklingsbundin en varir yfirleitt í a.m.k. 3 mánuði, þá skal draga úr fjölda stk. smám saman. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 stk. á sólarhring. Þegar dregið er úr reykjum: Nota skal Nicotinell lyfjatyggigúmmí þegar upp kemur reykjagjöf til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykjum eins og mögulegt er. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sigarettanna á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykjum eftir 9 mánaða meðferð. Venjulega er ekki mælt með reglulegri notkun Nicotinell lyfjatyggigúmmis lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykjagjöf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukíð líkurnar á því að reykjagöfólk hætti að reykja. Samtímis neysla á súrum drykkjum t.d. kaffi eða svaladrykkjum getur dregið úr frásogi nikótíns í kinninni. Forðast skal súra drykki 15 mínútur fyrir notkun lyfjatyggigúmmisins. Frábendingar: Einstaklingar sem ekki reykja, eru með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnum eða eru yngri en 18 ára eiga ekki að nota Nicotinell lyfjatyggigúmmí. Varnaðarorð og varúðarreglur: Ráðfærðu þig við lækninn eða lyfjafræðing áður en þú notar Nicotinell því ekki er víst þú megir nota lyfið ef þú: hefur fengið einhverja hjarta eða æðasjúkdöma, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtli/nýrnahettur, ert með alvarlega skerta nýrna- og/eða líffarstarfsemi, með bólgu eða sár í munni, koki, vélinda eða maga, barn á brjósti eða ert á meðgöngu. Einstaklingum með gættu og þeim sem eiga í erfðaleikum með tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaför nikótínlyfja. Sérstakar varúðarreglur varðandi hjálparefni: Nicotinell inniheldur sorbitól (E420); Sjúklingar með arfgengt fruktósaþöpl, sem er mjög sjaldgæft, skulu ekki nota lyfið. Tyggigúmmigrunnurinn inniheldur butýlhýdroxytölúen (E321) sem getur valdið staðbundinni erlingu slímhúðar. Inniheldur natríum sem þarf að hafa í huga hjá sjúklingum á saltskertu fæði. Sumar bragðtegundir innihalda auk þess maltitól. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarléiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lífið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurlánda 12a, 210 Garðabæ

STÓR-ÚTSALA Í

Góður afsláttur af

Flísar
40 tegundir
15-50%
AFSLÁTTUR



Töfrasproti – Blandari
~~1.867~~
1.400



Djús/ávaxtablandari
með glerkönnu
40w 1,3l.
~~3.942~~
2.957

5005 3,5 lítra ~~489~~ **391**
5006 7,5 lítra ~~785~~ **628**
5007 15 lítra ~~995~~ **746**

4 litir
3 stærðir



**Strekkibönd
og Casters hjól**

30%
AFSLÁTTUR



Drive 12V Li Ion
rafflöðuborvél
~~6.990~~
5.592 **20%
afsláttur**



Rafflöðuborvél með höggi,
HDA2544 18V
~~17.990~~
12.593 **30%
afsláttur**

Smergel 150W
~~5.290~~
4.232



AR636 18V Skrufvél
Ni-Cd 2,0Ah 158Nm
~~18.990~~
11.394 **40%
afsláttur**



Drive Delta Sander 180W
~~3.390~~
2.712



Drive toppasett 17 stk 1/4"
~~990~~ **743**



Límbyssa í tösku
~~1.571~~ **1.178**



ALM18DB 18V Li-Ion
borvél 2,8Ah 38Nm
~~29.990~~
22.493 **25%
afsláttur**



MJÖG ÖFLUG
dæla 16,7kg
**20%
afsláttur**

ALM14DF 14,4V Li-Ion
herðsluskrufvél
2,8Ah 135Nm
~~34.990~~
17.495 **50%
afsláttur**



ALM 14DW 2 hraða
borvél 14,4V Ni-Cd 2,0 Ah
~~12.990~~
9.743 **25%
afsláttur**



Hitabyssa 200W
~~3.195~~
2.398

LFD105TA
Stáltrappa 2 þrep
~~4.990~~
2.994 **40%
afsláttur**



Ryco LDL-MD418A lampi
m. grind 4x18W T8 62x60x8 cm
með perum
~~6.995~~ **4.897** **30%
afsláttur**



Drive útdraganlegt
rafmagnskefli
20 metra
~~11.990~~
9.592


Karbit Borasett 33-
83mm 6stk
~~4.990~~
3.743



Patrol verkfærakista Trophy
~~6.995~~
4.897 **30%
afsláttur**
Mikið úrval
af verkfæra-
kistum



Drive LG3-70A
1800W flísaög
86x57cm borð
~~119.900~~ **83.930** **30%
afsláttur**



Drive DIY 500mm flísaokeri
~~7.990~~ **5.993** **25%
afsláttur**



Járnbúkkar sett=2 stykki
~~4.690~~ **3.752**



Kapalkefli 40 m
~~6.290~~
4.718



Drive160 L steypuhrærivél
~~45.990~~
36.792



Búkki – Vinnuborð
stillanlegt (E)
~~3.942~~
3.154

MÚRBÚÐINNI!

MÚRBÚÐARVERÐI – það er gott verð



Protool fjölnota verkfæri 220W með 37 fylgihluti í tösku

~~11.990~~
8.993



TY2007W Vinnuljósastari á telescope fæti 400W ECO pera

~~5.390~~
3.935
27% afsláttur



20% afsláttur

Gua-543-1 veggghengdur, 1mm stál ~~17.990~~
14.392

- ✓ Handlaugar **20-50%**
- ✓ Náttúrusteinsvaskar **30-50%**
- ✓ Sturtuklefar og -horn **20-40%**
- ✓ Hitastýrð blöndunartæki **20%**
- ✓ Sturtusett m/hitastýrðu tæki **20%**
- ✓ Baðherbergisflísar **20-50%**
- ✓ WC **20-25%**
- ✓ Stálvaskar **25-40%**
- ✓ Skolvaskar **20%**



Protool kúttari GW8012, 1900W 254mm blað

~~28.990~~
23.192

Mikið úrval af stalvöskum með **30% afslátt**



~~9.990~~ **6.993**

BOZZ hitastýrð blöndunartæki



BOZZ-LH2202-3 Hitastýrt sturtutæki með uppstútt kr. (rósettur fylgja) einnig til með niðurstútt kr.

~~9.890~~ ~~9.890~~
7.912 **7.912**

20% afsláttur

BOZZ-SH2101-1 Bað og sturtusett með hitastýrðu tæki

~~31.990~~ (rósettur fylgja)
25.592

20% afsláttur

BOZZ hitastýrt baðtæki m/úrtaki ~~13.990~~ **11.192**



BOZZ SH22015-3 Sturtusett m/hitastýrðu tæki

~~26.990~~ (rósettur fylgja)
21.592

MIKIÐ ÚRVAL
~~1.490~~ **1.192** ~~2.990~~ **2.397**



25% afsláttur

~~2.660~~
1.995

Gúmmimottur **MIKIÐ ÚRVAL**



25% afsláttur



~~2.590~~ **2.072** **20% afsláttur**

SAN-SM-CLE206 Fjölnota pallur/trappa

~~18.990~~ pallur fylgir

13.293 **30% afsláttur**



BOZZ sturtuklefi 80x80cm ~~43.990~~ **35.192**

Fást einnig rúnnaðir ~~43.990~~ **35.192**
Fást einnig 80x80cm ~~41.990~~ **33.592**
Sturthorn 80x80 ~~29.990~~ **23.992**
Sturtustöng og -brúsa fylgja.

Vatnslás og botnventill frá McAlpine seldur sér á kr. 1.290



20% afsláttur

Spandy 1200W Cyclone heimilsryksuga ~~11.990~~

9.592

Drive ryksuga í bílskúrinn

- 1200W
- 20 lítra
- sogkraftur > 16KPA
- fjöldi fylgihluta

~~7.590~~
5.920



Drive Juðari

~~2.490~~
1.992



20% afsláttur

Rafmagnshita-blásari 3Kw 1 fasa

~~8.890~~
7.120

Reykjavík Kletthálsi 7 Opið virka daga kl. 8 - 18, laug. 10 - 16
Reykjanesbær Fuglavík 18 Opið virka daga kl. 8 - 18



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Hugleiðingar um dómsskerfið



Róbert R. Spanó
dómari við
Mannréttinda-
dómstól Evrópu

Málefnaleg og hófstíllt umræða

Undanfarið hefur talsvert verið rætt og ritað um dómsskerfið, ekki síst í ljósi þess að hluti uppgjörs banka-hrunnsins hefur farið fram í réttarsölum. Slíkri umræðu ber að fagna, enda einkenni lýðræðisríkja að umræða eigi sér reglulega stað um grunnstöðir ríkisvaldsins. Mikilvægt er að umræða um dómsskerfið sé hófstíllt, vissulega gagnrýnin, en ávallt uppbyggileg. Ekkert er heldur því til fyrirstöðu að gagnrýni, jafnvel nokkuð hvöss, beinist að dómurum. Dómarar, sem handhafar opinbers valds, verða að þola gagnrýni eins og aðrir. Tillögur að breytingum á ríkjandi skipulagi geta þó ekki verið reistar á persónubundnum sjónarmiðum heldur aðeins á ígrunduðu mati á rökum með og á móti kerfisbreytingum.

Það er mat mitt að þörf sé á heildstæðari og að sumu leyti yfirvegaðri umræðu um dómsskerfið en birst hefur opinberlega undanfarin misseri. Þá hefur nokkuð skort á að fræðimenn hafi verið þar virkir þátttakendur sem er þó að mínu áliti, hafandi starfað um árabíl sem lagaprófessor, bæði akademísk og samfélagsleg skylda þeirra. Þá er ekki venjubundið hér á landi að starfandi dómarar leggi orð í belg, en slíkt er miklu algengara á Norðurlöndum og í öðrum ríkjum Vestur-Evrópu. Með þessari grein við áramót geri ég því tilraun til að varpa ljósi á tiltekin atriði sem ástæða er til að gefa gaum í umræðum um dómsskerfið.

Horft aftur í tímann – nokkur orð um þróun dómsskerfisins frá aðskilnaði umboðsvalds og dómssvalds 1992

Þegar fjallað er um kosti og galla íslenska dómsskerfisins er mikilvægt að horfa á sögulega þróun þess. Við dómsskerfisbreytingarnar á árinu 1992 voru verulegar tafir á úrlausn mála í Hæstarétti, ástand sem sætti gagnrýni. Þá voru forsendur hæstaréttardómara oft og tíðum taldar nokkuð stuttaralegar. Þegar gæði dómsskerfa eru metin eru þetta atriði sem verulegur máli skipta. Á síðastliðnum tveimur áratugum hefur verið lyft grettistaki hjá dómstólum, einkum í Hæstarétti, hvað varðar málshraða og umfang dómssforsendna. Þessu má ekki gleyma þegar krafist er viðtækra kerfisbreytinga. Ákveðinna breytinga er vissulega þörf, en þess verður að gæta að þær hafi það ekki í för með sér að málsaðilar þurfi aftur að bíða í mörg ár eftir niðurstöðu. Þá er betur heima setið en af stað farið. Gæta verður því meðalhöfs í hvers kyns breytingum, enda er það einn helsti kostur íslenska dómsskerfisins hversu skilvirkt það er, því ekki má gleyma hinu sígilda máltæki: „Justice delayed is justice denied.“

Málafjöldi og millidómsstigi

Íslenska dómsskerfið er afar einfalt. Það er tvískipt, átta héraðsdómstólar og einn Hæstiréttur. Tvískipt dómsskerfi er sjaldgæft annars staðar í Vestur-Evrópu. Einfaldleiki þess hefur ákveðna kosti, einkum sá möguleiki að úrlausn fái innan hæfilegs tíma. En á okkar kerfi eru aftur á móti tilteknir gallar sem þarf að laga. Málafjöldi í Hæstarétti er of mikill. Enginn getur deilt um það. Hæstiréttur starfar í reynd sem áfrýjunardómstóll, en ekki sem „klassískur“ Hæstiréttur, eins og aðrir æðstu dómstólar í hinu evrópska samhengi. Vegna málafjöldans og þeirrar nauðsynjar að viðhaldið sé hæfilegum málshraða situr fordæmis- og samræmingarhlutverk réttarins á hakanum. Þar

sem flest mál eru dæmd af þremur dómurum eru dómssforsendur jafnan verulega atviksbundnar. Það er að sumu leyti eðlilegt við þessar aðstæður, en ekki endilega réttarkerfinu í heild til hagsbóta. Þannig er ekki algengt að í forsendum dóma sé að finna almennar tilvísanir til réttarreglna sem auðveldlega er hægt að heimfæra yfir á sambærileg tilvik þannig að afstaða Hæstaréttar í síðari málum sé eins fyrirsjáanleg og kostur er. Þetta ástand skapar réttaróvissu. Réttaróvissa skapar þrætur. Þrætur skapa fleiri mál. Þannig viðhelst víthringurinn.

Úr þessu vandamáli þarf að leysa með millidómsstigi. Löggjafinn hefur þar í raun litið val, enda standa ekki aðeins framangreind praktísk rök að baki þeirri þörf, heldur einnig sterk rök byggð á mannréttindareglum eins og staðfest hefur verið í dómafrankvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE). Eins og áður greinir er Hæstiréttur fyrst og fremst áfrýjunardómstóll. Til Hæstaréttar skjóta því sakaðir menn sakfellingardómum í héraði eða ákærvaldið sýknudómum. Í flestum sakamálum er það sönnunarfærslan sem öllu máli skiptir og þá munnleg og milli-líðalaus sönnunarfærsla í forni framburða ákærðu og vitna. Flest vestræn dómsskerfi veita ákærðum mönnum, sem sakfelldir hafa verið á fyrsta dómstigi, kost á fullri endurskoðun á áfrýjunarstigi. Slíku er ekki til að dreifa hér á landi og það er tímaskekkja. Þessu þarf að breyta sem allra fyrst.

Sú hugmynd hefur verið sett fram að komi til stofnunar millidómsstigs eigi að fækka hæstaréttardómurum niður í sjö eða jafnvel fimm, en þeir eru nú níu talsins. Þessu er ég ósá-mála. Viðhalda á sama fjölda dómenda af tveimur meginástæðum. Í fyrsta lagi yrði Hæstarétti í þriggja þrepa dómsskerfi fyrst og fremst ætlað að ákveða meginlinurnar í réttarkerfinu og að taka afstöðu til allra þýðingarmestu málna. Það verður því jafnvel enn mikilvægara að í Hæstarétti sitji dómendur sem hafi fjölbreytta þekkingu á helstu sviðum réttarkerfisins og mismunandi bakgrunn. Í öðru lagi yrði það í mun ríkari mæli hlutverk Hæstaréttar að ákveða á grundvelli áfrýjunarleyfa hvaða mál yrðu tekin fyrir þar. Við þær aðstæður er það betur í samræmi við nútíma mannréttinda-sjónarmið að það séu ekki endilega sömu dómarnir sem ákveða hvort mál skuli tekið fyrir og dæma í því efnislega ef á það er fallist.

Íslenska dómsskerfið og umheimurinn

Ísland er lítið land með lítið dómsskerfi. Á hinn bóginn er íslenskur réttur að verulegu leyti alþjóðlegur. Áhrif aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hafa verið mikil og ekki síður áhrif lögfestingar mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) og stjórnarskrár-breytingar á árinu 1995 sem færðu efnisákvæði sáttmálans inn í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Það má hins vegar spyrja hvort og þá að hvaða marki íslenskir dómarar hafi fylgt þessari þróun eftir. Alþjóðlegt samstarf íslenskra dómara við koll-ega sína í öðrum löndum mætti vera meira og skipulegra. Viðast hvar í Evrópu fer fram skipulegt fræðasamstarf á milli landsdómara þar sem þeir bera saman bækur sínar og leitast við að læra hver af öðrum, ekki bara um dómastarfið sjálft heldur einnig um þróun og uppbyggingu dómstóla, markmiðssetningu í starfi dómstóla og notkun upplýsingatekninnar til að greiða fyrir skilvirkri málsmeðferð og auka ásynnd dómsskerfisins gagnvart almenningi. Sem samfélagsstofnanir verða dómstólar eins og aðrar valdastofnanir að þróast í takt við þær kröfur sem gerðar eru í nútíma-samfélagi. Ef fjármagn skortir til þess að gefa íslenskum dómurum kost á að sinna nauðsynlegu alþjóðlegu



Flest vestræn dómsskerfi veita ákærðum mönnum, sem sakfelldir hafa verið á fyrsta dómstigi, kost á fullri endurskoðun á áfrýjunarstigi. Slíku er ekki til að dreifa hér á landi og það er tímaskekkja. Þessu þarf að breyta sem allra fyrst.

samstarfi verður að greiða fyrir því að slíkt fjármagn fái.

Endurmenntun dómara

Dómarastarfið er sérfræðistarf. Það þarf mikla kunnáttu til að geta leyst úr lögfræðilegum álitamálum sem dómari. Dómari á að kunna lögin, en lögin eru að taka sífelldum breytingum. Réttarreglur breytast með nýjum lögum frá Alþingi og reglugerðum ráðherra og oft eru nýjar réttarreglur undir áhrifum af breyttum samfélagsviðhorfum og kenningum. Þá þurfa íslenskir dómarar að taka mið af þróun og breytingum frá öðrum löndum við túlkun íslenskra laga auk þess sem skilningur á réttarreglum kann að breytast með nýjum skrifum fræðimanna. Það er því enginn eðlismunur á þörf heilbrigðisstarfsmanna til endurmenntunar í þágu aukinnar lýðheilsu og þörf dómara til endurmenntunar í þágu aukins réttarör-yggis. Ef dómari þekkir ekki lögin og þróun þeirra, bæði innanlands og erlendis, þá getur hann ekki veitt málsaðila lögvarinn rétt sinn.

Nýlega hefur átt sér stað nokkur viðhorfsbreyting til aukinnar endurmenntunar á vettvangi dómstólaráðs, sem sinnir héraðsdómstólunum. Á það kann þó enn að skorta að endurmenntun dómara sé sett í kerfisbundnari farveg þannig að öllum dómurum sé gefinn raunhæfur kostur á að sækja sér endurmenntun.

Skipan hæstaréttardómara

Það er mikilvægt hverju lýðræðisríki með sjálfstætt dómsskerfi að í æðsta dómstól þess veljist ávallt þeir hæfustu til starfars. Það er því slæmt hversu umdeildar skipanir í embætti hæstaréttardómara hafa verið undanfarin misseri og að sama skapi áhyggjuefni að Ísland er eina ríkið á Norðurlöndum þar sem skipan þessara mála hefur vakið jafn miklar deilur.

Alþingi ákvað á árinu 2010 að gera

grundvallarbreytingar á lagareglum um skipan hæstaréttardómara. Á þeim tíma var ég einn af þeim sem fögnuðu hinu nýja kerfi og töldu það til bóta og henta íslenskum aðstæðum. Ég er enn þeirrar skoðunar. Ekkert skipunarkerfi er fullkomið, en núverandi kerfi hefur að geyma heppilega málamiðlun á milli ólíkra sjónarmiða sem teft hefur verið fram í þessu sambandi. Þverfagleg hæfnisnefnd metur umsækjendur, ráðherra skipar þann sem nefndin telur hæfastan eða velur á milli þeirra sem eru taldir jafnir að verðleikum, en ráðherra getur þó lagt til við Alþingi að annar en sá sem nefndin telur hæfastan verði skipaður. Vandinn við núverandi kerfi er ekki lagaumgjörðin sem slík, heldur má ef til vill færa rök fyrir því að gera þurfi ákveðnar breytingar á vinnubrögðum hæfnisnefndarinnar.

Verkefni nefndarinnar er að meta hver umsækjenda telst hæfastur. Það liggur í hlutarins eðli að þetta mat er vandmeðfarið. Matið getur þó ekki falist í því að leggja saman árafjölda í hinum ýmsu störfum eða fjölda útgefna fræðiritana. Matið verður að vera efnislegt og fela það í sér að ígrundað mat sé lagt á hæfni umsækjenda til að gegna starfi dómara í Hæstarétti. Hvað er það við tiltekinn lögmann sem hefur gert hann farsælan í sínum störfum? Hafa honum verið falin stór og mikilvæg mál til meðferðar og ef svo er hvernig tókst honum til? Hvernig hefur umsækjandi staðið sig í starfi héraðsdómara eða setts hæstaréttardómara? Bera úrlausnir hans vott um framúrskarandi lögfræðileg vinnubrögð og góða samstarfshæfni? Hvernig hefur fræðimaðurinn sinnt störfum sínum við útgáfu fræðiritana eða við kennslu? Þetta eru þær spurningar og aðrar eðlislikar sem hæfnisnefndin verður að svara til að hæfni umsækjenda sé raunverulega metin. Ég er viss um að hægt sé með góðu móti að gera slíkar breytingar á verklagi til framtíðar þannig að aukid traust skapist til þessa kerfis.

Einnig verður að tryggja að allir nefndarmenn hafi hlutverki að gegna í störfum nefndarinnar og séu sjálfstæðir hver gagnvart öðrum. Ástæðan fyrir því að nefndin er þverfagleg, þ.e. skipuð fulltrúum úr dómstólakerfinu, lögmannasamfélaginu og einum kjörnum af Alþingi, er sú að tryggja að ólík en mikilvæg sjónarmið um hvers konar einstaklingar eiga að veljast til starfa í Hæstarétti komi fram í störfum nefndarinnar og endurspeglast í hæfnismatinu. Vegna nýlegrar umræðu um kynjaskiptingunefndarmanna leikur auk þess ekki vafi á því að mínu áliti að skipa ber hæfnisnefndina í samræmi við þær kröfur sem leiddar verða af jafnréttislögum. Það er og auk þess

í samræmi við þær nútíma kröfur sem gerðar eru við skipun í dómara-stöðum.

Loks verður að tryggja að nefndarmenn hafi næga yfirsýn og þekkingu á þeim mismunandi störfum sem umsækjendur hafa sinnt til að málefnalegt og efnislegt mat fari fram. Ef slíkt skortir er ekkert því til fyrirstöðu að nefndin afli sér nauðsynlegra upplýsinga. Í forsendum umsagna undanfarin ár hefur á stundum gætt nokkurs ósamræmis um gildi tilteknar reynslu við hæfnismatið. Sem dómara við Mannréttindadómstól Evrópu er það eðli máls samkvæmt erfitt fyrir mig að tjá mig um nýlegt mat hæfnisnefndarinnar á því starfi. Ég leyfi mér þó að halda því fram að á hafi skort að forsendur þær sem fram komu af hálfu nefndarinnar um þetta hafi tekið rétt mið af eðli og inntaki starfsins og þeirri ábyrgð sem hvílir á þeim sem falið er að dæma um hvort aðildaríki Evrópuráðsins hafi fullnægt skyldum sínum samkvæmt MSE sem er sáttmáli sem hefur bein áhrif á velflest svið mannlífs.

Samráðsvettvangur dómara og lögmanna

Í nýlegum dómi MDE, er laut að tjáningarfrelsi lögmanna þegar þeir gagnrýna dómara, tók dómstóllinn fram að eðlileg starfræksla dómstóla í lýðræðisríki væri ekki möguleg án þess að samskipti dómara og lögmanna væru reist á gagnkvæmri virðingu og trausti. Þótt samskipti dómara og lögmanna verði auðvitað alltaf að fara fram með þeim hætti að sjálfstæði hvors hóps um sig sé tryggt er ljóst að mínu áliti að heppilegt sé að komið verði á kerfisbundnu samráði um almenn málefni dómstólanna, um reglur um málsmeðferð, um samskipti lögmanna og dómara o.fl., t.d. með árlegum vinnudegi þar sem fulltrúar Hæstaréttar, dómstólaráðs og Lögmannafélags Íslands hittast til að ræða þau mál sem efst eru á baugi. Með yfirvegaðri umræðu yrði ef til vill betur hægt að auka traust og gagnkvæman skilning í þágu réttarkerfisins í heild.

Dómsskerfið er ein af grunnstöðum samfélagsins

Íslenska dómsskerfið er ein af undirstöðum okkar lýðræðisamfélags. Það samanstendur af mörgum mjög vel hæfum dómurum. Faglegt og sjálfstætt dómsskerfi er ekki sjálfsagður hlutur. Eins og leitast hefur verið við að rökstyðja í þessari grein þarf þó að gera á því ákveðnar breytingar. Þótt umræður um mögulegar breytingar verði að fara fram með gagnrýnnum hætti verður hún að vera uppbyggileg svo að aukid traust skapist á dómsskerfinu. Það er von min að þessi grein sé framlag í þá átt.



the PIER



ÚTSALAN HAFIN
10-70% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM

70% AFSLÁTTUR
AF JÓLAVÖRU



Sætur sigur á nýársundmóti í Laugardalslaug



Ánægður sundkappi Nýársundmót fatlaðra barna og unglunga fór fram í Laugardalslauginni í gær og voru mörg frækin afrek unnin á mótinu, líkt og hjá þessari ungu stúlku sem fagnaði sigri við bakkann. Besta afrek mótsins vann Fjarðarliðið Róbert Ísak Jónsson en hann átti stigahæsta sund mótsins og fékk fyrir það Sjomannabikarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Raunhæft að fara í úrslit í Ríó

Anton Sveinn McKee fór fram úr eigin væntingum á síðasta ári sem boðar gott fyrir risastórt ár sem nú er nýhafið. Það nær hámarki á Ólympíuleikunum í Ríó þar sem Anton ætlar sér að ná langt.

SUND Þegar Anton Sveinn McKee fór til Bandaríkjanna til að hefja nám á sundstyrk við Alabama-háskólann haustið 2013 hafði hann fyrst og fremst skapað sér nafn sem langsummaður í bringusundi (800 og 1.500 m) og í 400 m fjörsundi. Í dag er hann í hópi fremstu bringusundmanna heims, líkt og árangur hans á heimsmeistaramótinu í Kazan síðastliðið sumar sýndi en þar endaði hann í 13. sæti í 200 m bringusundi.

„Þetta var mjög gaman og góð reynsla að hafa komist í undanúrslit. Það er eitthvað sem ég er ekki vanur en þarf að venjast. Vonandi fæ ég enn frekari reynslu af því á EM næsta sumar – sem upphitun fyrir Ólympíuleikana,“ sagði Anton Sveinn við Fréttablaðið á dögunum, en hann var þá staddur hér á landi í jólafríi.

Hann segir að það hafi staðið upp úr á síðasta ári að hafa náð Ólympíulágmarkinu, en einnig að hafa náð að koma til baka eftir þriggja mánaða fjarveru eftir að hafa viðbeinsbrotnað sumarið 2014.

„Ég náði sjálfstraustinu aftur upp og meiddslin hafa ekkert verið að hrjá mig. Ég æfði svo mjög vel síðasta sumar en allar mínar áætlanir miðuðu við að ná Ólympíulágmarkinu, fremur en að ná besta mögulega árangrinum. Það var allt miðað við að ná topp tímum og hámarksárangri árið 2016.“

Góður bakgrunnur

Anton Sveinn hélt áfram að æfa langsumundin þegar hann kom fyrst til Bandaríkjanna en það entist í aðeins tvær vikur. „Svo kom mánuður þar

Ég verð kominn með þrjú ár í bringusundinu þegar ég keppi í Ríó og þá verð ég búinn að finþússa alla tækni og ná góðum tókum á greininni.

Anton Sveinn McKee

» Anton Sveinn var í 26. sæti heimslistans 2015 í 200 m bringusundi á tímanum 2:10,21 mínútu sem hann náði á HM í sumar.

41%

Anton Sveinn McKee á Íslandsmetið í sjö af sautján einstaklingsgreinum í 50 m laug eða 41% – jafn mörg og Örn Arnarson.

sem við æfðum báðar greinar en eftir að við sáum árangurinn á fyrstu mótnum var ákveðið að ég myndi einbeita mér alfarið að bringusundinu,“ segir Anton sem reiknar með því að hann hefði hvort ed er breytt um aðalgrein, hvort sem hann hefði farið til Bandaríkjanna eða ekki.

„Ég hefði hvort sem er aldrei náð



Anton Sveinn kom til Íslands í verðskuldað jólafrí en stundar nám við Alabama-háskólann í Bandaríkjunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

þeim árangri sem ég hef náð fyrr en nú. Ég lít fremur jákvætt á að ég eigi þennan bakgrunn því það hefur skilað sér í því að ég er í betra formi og betur settur fyrir 200 m bringusundi,“ segir Anton en það er hans sterkasta grein í dag. Hann er þó einnig sterkur í 100 m bringusundinu.

„Ég verð kominn með þrjú ár í bringusundinu þegar ég keppi í Ríó og þá verð ég búinn að finþússa alla tækni og búinn að ná góðum tókum á greininni. Ég held að ég verði ekki verr settur en aðrir sem hafa æft bringusundið lengur.“

Viðbeinsbrotnaði sumarið 2014

Anton Sveinn segist setja sér það markmið að fara eins langt og hann getur og hann telur að það sé raunhæft að stefna á átta manna úrslit á Ólympíuleikunum.

„Miðað við hvernig mér gekk síðastliðið sumar og hvernig ég býst við að mér gangi í sumar þá held ég að það sé raunhæft, allavega í 200 m bringusundi. Ég náði 13. sæti á HM þrátt fyrir að ég missti út þrjú mánuði vegna meiðsla,“ segir Anton en leggur þó áherslu á að hann ætli sér ekki um of. „Ég tel að það sé ekki gott að leggja of mikið á mann og gæta streitunnar. Fyrst og fremst ætla ég mér að æfa eins vel og ég get.“

Ísland á sundkortið

Sundkonurnar Eygló Ósk Gústafsdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir hafa tryggt sér keppnisrétt á leikunum í Ríó og þá stefnir Sundsambandið að því að koma boðsundsveit kvenna að á leikunum.

„Það er frábært að Ísland eigi svo marga sundmenn sem eru að standa sig vel. Það er gaman að sjá að Ísland er að komast á kortið sem sundþjóð,“ segir Anton Sveinn. „Liðsandið er sterkur í hópnum og við njótum þess að veita hvert öðru stuðning og hvatningu.“ eirikur@frettabladid.is

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

| | | |
|----------------|-----|-------------|
| West Ham | 2–0 | Liverpool |
| Arsenal | 1–0 | Newcastle |
| Leicester | 0–0 | Bournemouth |
| Man. Utd. | 2–1 | Swansea |
| Norwich | 1–0 | Southampton |
| Sunderland | 3–1 | Aston Villa |
| West Brom | 2–1 | Stoke |
| Watford | 1–2 | Man. City |
| Crystal Palace | 0–3 | Chelsea |
| Everton | 1–1 | Tottenham |

Efst

| | | | |
|-----------|----|-------------|----|
| Arsenal | 42 | Bournem. | 21 |
| Leicester | 40 | Swansea | 19 |
| Man. City | 39 | Newcastle | 17 |
| Tottenham | 36 | Sunderland | 15 |
| Man. Utd. | 33 | Aston Villa | 8 |

Neðst

Hvað gerði Gylfi?

Gylfi Þór Sigurðsson skoraði laglegt skallamark þegar Swansea tapaði fyrir Manchester United, 2-1, á Old Trafford. Þetta var annað árið í röð sem Gylfi skorar gegn United á Old Trafford en dugði ekki að þessu sinni. Hann átti góðan leik þrátt fyrir tapið.

Stærstu úrslitin Manchester United vann ekki síðustu sex leiki sína árið 2015 en árið fer vel af stað fyrir rauðu djöflana. Það sem meira er; Wayne Rooney skoraði sitt fyrsta deildarmark síðan í október.

Helstjan Watford leiddi 1-0 gegn Manchester City þar til

að þeir bláu sneru leiknum sér í vil á tveggja mínútna kafla undir lok leiksins. Sergio Agüero skoraði svo sigurmark City.

Kom á óvart Leicester skoraði í fyrstu sautján umferðum tímabilsins og hefur nú ekki skorað í þremur í röð – ekki heldur gegn Bournemouth á heimavelli um helgina. Þrátt fyrir að Bournemouth hafi misst mann af velli með rautt spjald á 58. mínútu og Leicester fengið víti, sem Riyad Mahrez klúðraði. Mahrez hefur verið einn besti leikmaður deildarinnar í ár.

HANNES FÆR SAMKEPPNI

Landsliðsmarkvörðurinn Hannes Þór Halldórsson, markvörður NEC Nijmegen í Hollandi,

fær samkeppni þegar hann snýr til baka eftir að hafa farið úr axlarliði á landsliðsæfingu í haust.

Hollenska félagið samdi í gær við Brad Jones, fyrrverandi markvörð Liverpool, sem veitir Marco van Duin, núverandi aðalmarkverði liðsins, samkeppni. Jones var án félags eftir að hann fór frá Bradford City í október og á fimmtán ára feril að baki á Englandi, þar af í fimm ár hjá Liverpool.

HELGI HÆTTIR Í VOR

Landsliðsmaðurinn Helgi Már Magnússon hefur ákveðið að leggja körfuboltaskóna á hilluna þegar keppnistímabilinu lýkur í vor. Þetta staðfesti hann í samtali við karfan.is í gær. Helgi Már hefur verið lykilmáður í bæði íslenska landsliðinu og KR um árabil en hann mun síðar á árinu flytja með fjölskyldu sinni til Bandaríkjanna en kona hans, Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, mun þá hefja störf hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Í dag

21.00 Messan

Sport 2

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

SVONA NÆRÐU KERTAVAXI ÚR DÚK

Besta leiðin til að ná kertavaxi úr dúk er að kroppa það fyrst af. Ef efnið er viðkvæmt má mýkja það upp með hárfurrku í staðinn. Leggið svo dagblað yfir blettinn sem eftir er og straiðið með heitu straujárni.



Gleðilegt nýtt ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða.



JARN&GLER

Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is



MINNI SYKUR „Við erum að fá alltof mikinn sykur úr matvælum,“ segir Hafdís Priscilla Magnúsdóttir sem heldur úti matarblogginu Dísukökur. MYND/ERNIR

GÓMSÆT HOLLUSTA

GÓÐ BYRJUN Upphaf ársins er góður tími til að huga að heilsusamlegri lífsstíl. Þar skiptir hollur og góður matur miklu máli.

Upphafi árs huga margir að breyttu og hollara mataræði samfara heilsusamlegri líf-erni. Ein þeirra sem hafa hugsað vel um mataræði sitt og fjölskyldu sinnar er Hafdís Priscilla Magnúsdóttir. Hún hefur um rúmlega tveggja ára skeið haldið úti matarblogginu Dísukökum með góðum árangri þar sem hún bakar og eldar eftir gómsætum uppskriftum sem innihalda hvorki sykur né hveiti.

Áherslurnar á matarblogginu breytast í samræmi við áhuga hennar á hverjum tíma en hún segist þó reyna að útbúa uppskriftir sem henta flestum. „Ég hef fengið góð viðbrögð frá fyrsta degi og er ég virkilega þakklát fyrir það. Þeir sem fylgjast með blogginu eru að gera það vegna mismunandi áherslna. Margir greinast með sykursýki 2 og þurfa að passa sykurinn og kolvetnin, aðrir vilja bara losna við blessaðan sykurpúkann og enn aðrir vilja einfaldlega prófa eitthvað nýtt.“

Hafdís segir sykur og hveiti skipa of stóran sess í mataræði almennings. „Við erum að fá alltof mikinn sykur úr matvælum. Ég er alveg á því að það að minnka sykurinn eða taka hann sem mest út hafi jákvæð áhrif á líkama okkar. Sjálf finn ég hvað það hefur haft jákvæð áhrif á sjálfa mig að taka út hveiti og sykur, t.d. þegar kemur að bólgum og verkjum.“

Sjálfri finnst Hafdís skemmtilegast að elda lax enda hráefni sem býður upp á fjölbreytta matreiðslu. „Ég elska að elda lax og best finnst mér að hafa með honum blómkáls- og brokkolímus og rjómasósu. Ég nota rjómaost og rifinn ost mjög mikið í eldamennsku og bakstur og svo eru Sukrin-vörurnar mikilvægar í

sykurlausan bakstur.“

Hér gefur Hafdís lesendum Fréttablaðsins nokkrar einfaldar, hollar og ljúffengar uppskriftir sem upplagt er að prófa á nýju ári.

Vanillu-chiagrautur

3 msk. chiafræ
125 ml möndlumjólk
125 ml grísk jógúrt
1 tsk. vanilluextrakt
eða dropar
10 dropar
bragðlaus
stevía

Setjið hráefnið í skál og blandið vel saman. Setjið plastfilmu yfir og inn í kæli í 1-2 klst. Hrærið reglulega í svo fræin dreifist jafnt. Gott að borða með ferskum berjum eða músli.



TUDOR RAFGEYMAR

Vertu viðbúinn kuldanum í vetur!



TUDOR High Tech rafgeymar í allar gerðir farartækja.

Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon boost).
Nýjar blýgrindur (3DX) = lengri ending.
Alveg lokaðir og viðhaldsfriir.
Mikið kaldræsipól, örugg ræsing í miklum kulda.
Góðir fyrir bíla með miklum aukarafbúnaði.
Mælum og skiptum. - Traust og fagleg þjónusta.

SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Útsalan hafin

50% afsláttur
allt nýjar og nýlegar vörur

Ríta



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Bombumolar

1 bolli kókosolía
3 msk. ósykrað kakó
2 msk. hnetusmjör
15 dropar bragðlaus stevía

Kókosolíunni skipt jafnt niður í þrjár skálar en í fyrstu fer eingöngu kókosolía. Í skál númer tvö er kakói og stevíu blandað við olíuna og í þá þriðju fer hnetusmjör. Takið fram lítil konfektform og fyllið þau með innihaldi allra skálanna til skiptis svo úr verði þriggja laga moli. Setjið í kæli þar til molarnir harðna og geymið þar.

Þessir molar slá á sykurlöngun og metta vel með góðri og hollri fitu.

Tamarimöndlur

100 g möndlur
20 g tamarisósa
Salt
Hvítlauksduft

Möndlur settar í skál ásamt tamarisósu og blandað vel saman. Möndlum dreift á bökunarpappír og salti og hvítlauksdufti stráð yfir eftir smekk. Bakað við 200 gráður í 6 til 8 mínútur. Frábært í nestisboxið eða sem snarl milli mála.

Eggjamúffur, 3 stykki

2 egg
30 g rifin ostur
15 g beikon, skorið í litla bita
2 pepperonisneiðar, smátt skornar
Nokkur spínatlauf, smátt söxuð
Salt og pipar eftir smekk
Steinselja eftir smekk

METTA VEL Bombumolarnir slá á sykurlöngun og metta vel með góðri og hollri fitu. MYND/ÚR EINKASAFNI



ALLTAF GÓÐAR Eggjamúffur með ólíku innihaldi slá alltaf í gegn. MYND/ÚR EINKASAFNI

Eggin sett í skál og pískað vel. Kryddað eftir smekk með salti, pipar og steinselju. Annað hráefni sett í skál og hrært vel saman. Sett í múffuform úr silíkoni. Gott að nota gaffal til að hræra í hverju formi til að

allt blandist jafnt í fornumum. Bakað við 180 gráður í ca. 15 mínútur.

Hægt er að skipta út eða breyta kryddi og áleggi eftir smekk. Einnig er hægt að frysta og taka út eftir þörfum.




ÚTSALAN HEFST Í DAG!

B|A|S|L|E|R Parisar
TÍZKAN

Skipholt 29b • S. 551 0770

Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan




RAÐAST BETUR Best er að vera aðeins með eina tegund af herðatrjám. Þannig raðast betur í skápinn.

ALLT Í RÖÐ OG REGLU

Hví ekki að byrja nýja árið á að grisja fataskápinn? Oft hanga þar spjarir ár eftir ár sem aldrei eru notaðar og er um að gera að koma þeim í betri þarfir, til dæmis hjá Rauða krossinum.

Hér eru nokkur ráð til að halda öllu í röð og reglu í skápnum.

- Vertu aðeins með eina tegund af herðatrjám. Þannig raðast betur í skápinn.
- Raðaðu fötunum í litaröð. Það hljómar klikkað en tekur í raun skamma stund. Þannig er auðveldara að finna það sem þarf. Eins er hægt að raða peysum saman, skyrtum saman og kjólum saman svo dæmi séu nefnd. Reyndu að halda röðinni í daglegri umgengni.
- Gott er að nota litla fatakassa sem passa ofan í skúffur eða inn í skápahillur til að halda utan um og flokka smáhluti eins og sokka, nærföt, belti, bindi, sokkabuxur, slaufur og annað í þeim dúr.
- Raðaðu fötum sem þú notar oft í augnhæð, þeim sem þú notar sjaldnar neðarlega í skápinn og þeim sem þú notar sjaldan efst.
- Ef þú átt erfitt með að losa þig við föt prófaðu þá eftirfarandi. Snúðu öllum herðatrjám á sama veg. Fötum sem þú tekur út, notar og setur aftur inn í skáp skaltu snúa á hinn veginn. Eftir 6-12 mánuði ætti að liggja fyrir hvaða föt hafa verið notuð og hver ekki. Þá er hægt að losa sig við þau sem hafa ekki verið notuð.



heimili
fasteignasala
- á traustum grunni



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali



Erla Dröfn Magnúsdóttir
Lögfræðingur



Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali



Brynjólfur Snorrason



Gunnlaugur A. Björnsson



Ásdís Irena Sigurðardóttir



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

Allir þurfa þak yfir höfuðið

588 4477

Þú hringir - við komum - það ber árangur!



Bárður Tryggvason Eigandi Sölufulltrúi 896 5221
Ingólfur Geir Gissurason Eigandi Framkvæmdastjóri 896 5222
Heiðar Friðjónsson Sölufulltrúi Löggiltur fasteignasali B.Sc. 693 3356
Erlendur Davíðsson Lögg. fasteignasali Forstöðumaður útibús Ólafsvík 897 0199
Margrét Sigurgeirsdóttir Skrifstofustjóri margret@valholl.is 588 4477



Heimir Bergmann Sölufulltrúi 630 9000
Pétur Steinar Jóhannsson Sölufulltrúi 893 4718
G. Andri Guðlaugsson Löggiltur löggiltur fasteignasali 662 2705
Kristján S. Bjarnason 611 4870
Sturla Pétursson Löggiltur fasteignasali 899 9083
Vilborg Gunnarsdóttir Lögg. fasteignasali - fyrirtækja og skipasali. M.Sc. 891 8660



VALHÖLL
FASTEIGNASALA



www.valholl.is · www.nybyggingar.is



Falleg sérhæð á góðum stað í Hafnarfirði.

Góð sérhæð í Hafnarfirði

Landmark fasteignasala, 512 4900, kynnr: Frábærlega staðsett 100,1 fm 3 herbergja íbúð í tvíbýli á fyrstu hæð ásamt 22,6 fm bílskúr. Nánari upplýsingar veitir Þórarinn Thorarensen s. 770-0309 eða th@landmark.is.

Eignin er samtals 122,7 fm. Gluggar í allar áttir á íbúðinni. Göngufæri við miðbæ Hafnar-

fjarðar. Sameign afar snyrtileg.

Rúmgóð forstofa og miðrymi með parketi á gólfi. Afar rúmgóð og björt stofa og borðstofa með parketi á gólfi, útgengt er á suðursvalir.

Falleg viðarinnrétting er í eldhúsi og parket á gólfi. Flísar á milli skápa.

Tvö rúmgóð svefnherbergi, fataskápur í öðru þeirra og parket á gólfi.

Badherbergið er gott. Flísar á gólfi og hluta af veggjum, þaðkar

með sturtuáðstöðu. Falleg innrétting í kringum handlaugina.

Á jarðhæð er sér geymsla og þvottahús en þar er góð innrétting þar sem þvottavél og þurrkari eru í vinnuhæð. Innangengt í bílskúr. Gott hillupláss.

Sameign er afar snyrtileg, þar er stór fataskápur með góðu geymsluplássi sem er séreign íbúðar. Bílskúrin er 22,6 fm.

Bílaplan er hellulagt með hitalögn undir. Lítil garður er í kringum húsið.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærsted
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • Sími: 586 8080 • Fax: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Ástu-Sólliljugata 22-24 - 270 Mosfellsbær



Hringdu og bókaðu skoðun

Mjög glæsilegar 5 herbergja íbúð í nýju fjórþýlishúsi. Íbúðin verður afhent ca. tilbúin til innréttinga, skv. skilalýsingu verkataka 01.02.2016. Húsið er steinsteypt fjórþýlishús á tveimur hæðum. Aðkoma er að húsinu að ofanverðu. Á efri hæð eru tvær 163,3 m² íbúð auk 31,7 m² bílskúrs. Á neðri hæð eru tvær 162,0 m² íbúðir. V. 36,5 m og 42,5 m.

Klapparhlíð 20 - 270 Mosfellsbær



Hringdu og bókaðu skoðun


Mjög falleg 4ja herbergja 98,9 m² endaíbúð á jarðhæð með séringngangi, og 26,3 m² bílskúr við Klapparhlíð 20 í Mosfellsbæ. Timburverönd. Gott skipulag. Fallegar innréttingar. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, eldhús, stofu, forstofu, badherbergi og þvottahús ásamt sérgeymslu í sameign. V.39,5 m

Ennishvarf 8 - 203 Kópavogur



Laus strax

Hringdu og bókaðu skoðun



Glæsileg 541,1 m² eign við Ennishvarf 8 í Kópavogi. Eignin skiptist í glæsilegt 428 m² einbýlishús á tveimur hæðum 53,1 m² bílskúr og 60 m² hesthús. V. 144,0 m.

Hraunbær 18 - 110 Reykjavík



Laus strax

Hringdu og bókaðu skoðun

131 m², 5 herbergja íbúð á 1. hæð við Hraunbær 18 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús, badherbergi og forstofuhol. Íbúðarherbergi er í kjallara ásamt sérgeymslu. V. 29,8 m.

Ásbúð 80 - 210 Garðabær



Laus strax

Hringdu og bókaðu skoðun

293,7 m² húsnæði á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr í tvíbýlishúsi við Ásbúð 80 í Garðabæ. V. 64,9 m.

Vallargerði 38 - 200 Kópavogur



Laus strax

Hringdu og bókaðu skoðun

127,1 m², 5 herbergja íbúð á jarðhæð ásamt 43,1 m² bílskúr sem er búð að breyta í íbúð við Vallargerði 38 í Kópavogi. V. 43,5 m.

Strandvegur 7 - 210 Garðabær



Falleg og björt 118,4 m², 3ja herbergja íbúð á 3. hæð, ásamt bílastæði í bilageymslu í lyftuhúsi. V. 49,9 m.

Laus strax

Hringdu og bókaðu skoðun

Bergholt 11 - 270 Mosfellsbær




181 m² einbýlishús á einni hæð með bílskúr við Bergholt 11 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, forstofu, badherbergi, gestasnyringu, þvottahús, eldhús, sjónvarpsherbergi, stofu, borðstofu og bílskúr. V. 47,9 m.

Laus strax

Hringdu og bókaðu skoðun

Skeljatangi 14 - 270 Mosfellsbær



OPIÐ HÚS

Opið hús þriðjudaginn 5. janúar frá kl. 17:00 til 17:30
Fallegt 197,1 m² einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr á mjög fallegum útsýnisstað. Eignin skiptist í forstofu, fjögur svefnherbergi, badherbergi, gestasalerni, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr. Gróinn og vel skipulagður garður með hellulögðum veröndum. Heitur pottur með útisturtu og stórt hellulagt bílaplan. Stutt er í skóla, leikskóla, sund og líkamsræktarstöð. V. 64,9 m.

Miðtún 78 - 105 Reykjavík



OPIÐ HÚS



Opið hús þriðjudaginn 5. janúar frá kl. 17:30 til 18:00

Mjög björt og skemmtileg lítið niðurgráfin 62,5 fm, 2ja herbergja íbúð með séringngangi við Miðtún 78 í Reykjavík. Eignin er mikið endurnýjuð. Allir gluggar, gler, ofnar og ofnalagnir, rafmagnslagnir og rafmagnstafla, einnig eldhús badherbergi og gólfefni. V.25,9 m.



